


skoðun 12




**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur

**Glæstir mótorfákar á Akureyri**
*Hjóladagar standa yfir á Akureyri og er bærinn fullur af sporthjólum, fornhjólum, krossurum og vespum.*
allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**15. júlí 2011**
163. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Rannsakar hvalaheila**
*Dr. Paul Manger segir hvali ekki eins greinda og flestir halda.*
föstudagsviðtalið 10

**Stúdíó í sveitinni**
*Siv Friðleifsdóttir gerði Syðri-Knarrartungu að stúdíói fyrir fréttastöðina Al Jazeera.*
fólk 26




**Frábært Evrópukvöld**
*KR vann stórkostlegan sigur á Zilina á meðan FH gerði jafntefli við Nacional.*
sport 19

**veðrið í dag**




**HLÝJAST SV-TIL** Í dag má búast við fremur hægri NA-átt eða hafgolu. Skýjað og smá væta norðan- og austanlands. Fremur bjart S- og V-til en horfur á síðdegisskúrum inn til landsins. Hiti á bilinu 10-18°C.
VEÐUR 4

# Fjárbændur óttast enn frekari álögur

**Drög að nýju frumvarpi um dýravelferð gera ráð fyrir að sauðfjárbændur, hrossabændur og aðrir sem vinna með dýr verði gerðir starfsleyfisskyldir.**

**DÝRAHALD** Verði frumvarp til laga um dýravelferð samþykkt í núverandi mynd verða sauðfjárbændur, hrossabændur, tamningamenn og aðrir sem stunda þjónustu með dýr gerðir starfsleyfisskyldir.

Frumvarpið, sem var unnið af nefnd á vegum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins, gerir ráð fyrir einfaldara ferli, til dæmis til að auðvelda eftirrekstur og þvingunarúrræði til að stöðva dýraníðslu.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segist óttast að breytingin feli í sér frekari álögur á sauðfjárbændur. „Við höfum áhyggjur af því að það sé verið að bæta á okkur nýju eftirliti,“ segir hann. „Þau eru nú nokkur fyrir og öllu eftirliti fylgja eftirlitsgjöld.“

> Við höfum áhyggjur af því að verið sé að bæta á okkur nýju eftirliti.
>
> SIGURÐUR EYÞÓRSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMTAKA SAUÐFJÁRBÆNDA

Hann segir enn fremur að það hefði mátt leita eftir sjónarmiðum sauðfjárbænda fyrr í ferlinu en enginn fulltrúi frá Landssamtökunum var í nefndinni sem vann að frumvarpinu.

„Við fengum bréf inn um lúguna nýlega þar sem þess er óskað að við komum okkar sjónarmiðum á framfæri í landgræðslumálum áður en unnið verður að breytingum þar. Þetta eru vinnubrögð sem við kunnum afar vel við en þau voru ekki viðhöfð fyrir þetta frumvarp. Við munum efalítið koma okkar athugasemdum á framfæri fyrir 20. ágúst,“ segir Sigurður en þá rennur umsagnartíminn út.

Þórarinn Eymundsson, varaformaður Félags tamningamanna, segir þessa breytingu kærkomna í ljósi þess að þeim fjölgar stöðugt sem eru að bjóða ýmsa þjónustustarfsemi fyrir hesta og því sé réttast að ganga úr skugga um að þar búi tilhlýðileg menntun og kunnátta að baki. - jss, jse / sjá síðu 4



**EFNI Í FÍKNIEFNAHUND** Haukur Örn Sigurjónsson, rannsóknarlögreglumaður á Suðurnesjum, leikur hér við Ellu og hvolpana Pax og Clarissu. Ella var leidd undir tollhundinn Nelson fyrir rúmu ári. Af sjö hvolpum sem Ella gaut þykja sex efni í fíkniefnahunda, þar á meðal þau Pax og Clarissa. Sjá síðu 6 MYND/VILHELM

Íslensk stúlka í Bretlandi:

## Samdi við barnabókarisa

**FÓLK Birgitta Sif, íslensk stúlka búsett í Bretlandi, hefur landað tveggja bóka samningi við barnabókarisann Walker Books, sem meðal annars hefur gefið út bækurnar Hvar er Valli?**



BIRGITTA SIF

**Bókafyrirtækið ætlar að gefa út söguna Oliver sem er teiknuð myndasaga eftir Birgittu, en hún er með BA-gráðu í teikningu og hönnun. „Bókin fjallar um Oliver, lítinn strák sem finnst hann vera öðruvísi. Hann lendir svo í ýmsum ævintýrum,“ segir Birgitta.** - ka / sjá síðu 26

Kostnaðarsamar fyrirspurnir:

## Tafsöm og dýr vinna við svör

**STJÓRNSÝSLA** Dæmi eru um að kostnaður við svar ráðuneyta við einni fyrirspurn alþingismanns hlaupi á milljónum króna. Á yfirstandandi þingi hafa komið fram 346 skriflegar fyrirspurnir. Þegar þinghlé var gert átti eftir að svara 41 þeirra.



HELGI BERNÓDUSSON SKRIFSTOFUSTJÓRI ALÞINGIS

Þingsköpum var breytt í vor og tími ráðuneyta til svara var rýmkaður úr 10 í 15 daga. Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir vinnu við svörin oft tafsama. „Það getur verið ansi snúningasamt að svara svona spurningu og það hefur verið okkar mat að þetta væri yfirleitt of knappur tími. Ráðuneytin þurfa að skrifa undirstofnunum og fá svör þaðan.“ - kóp / sjá síðu 8

Evrópskir staðlar í umferðaröryggismálum hafa ekki verið innleiddir hérlendis:

# Ástand vegamála sagt hættulegt

**UMFERÐARMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur sent íslenskum og norskum stjórnvöldum rökstutt álit en löndin hafa ekki innleitt evrópska umferðaröryggisstaðla. Stjórnvöldum er gefinn tveggja mánaða frestur til úrbóta.

Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, segir alvarlegt að fara ekki eftir þeim stöðlum sem Ísland þó hefur skuldbundið sig til að fylgja. Til að mynda eigi eftir að staðfesta Vínarsáttmálann um umferðaröryggi, en hann var samþykktur árið 1968.



ÓLAFUR KR. GUÐMUNDSSON

Ólafur er einnig tæknistjóri Euro-Rap, en það er fjölþjóðlegt verkefni í umferðaröryggi. Hann segir að stjórnvöld hafi verið gagnrýnd síðustu sex árin fyrir skort á umferðaröryggi.

Meðal þess sem ekki stenst staðlana eru vegaxlir, handrið og ljósastaurar, til að mynda á Reykjanesbrautinni nýju. Ólafur segir að geilin á milli veghlutanna þar sé ekki heldur í samræmi við staðla, réttara væri að nota vegrið. Nýir ljósastaurar sem reistir eru fylgja þó stöðlunum og eru árekstrarprófaðir.

„Það er hættulegt að fara ekki eftir þessum stöðlum. Þetta er háalvarlegt mál sem snýst um umferðaröryggi,“ segir Ólafur.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að Vegagerðin hafi, við hönnun og endurbætur vega, unnið eftir rýnikerfi sem uppfylli þessa staðla. Það sem upp á vanti sé að færa slíkt í reglugerðir og lög. Verið sé að vinna að slíkri reglugerð í ráðuneytinu. - kóp


NÝR FUGLAVÍSIR




www.forlagid.is






Uppskriftin að föstudagspizzunni er á gottimatinn.is

## SPURNING DAGSINS



*Birna, gefur þetta ykkur ekki byr í seglin?*

„Jú, beggja skauta Byr.“

Birna Einarsdóttir er bankastjóri Íslandsbanka en bankinn hefur fest kaup á Byr. Bankarnir munu á næstunni sameinast undir nafni Íslandsbanka.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir lögreglu ekki hafa heimild til að sekta sóða á staðnum:

# Fimm sinnum sektað fyrir sóðaskap í ár

**LÖGREGLUMÁL** Öll afgreiðsla vegna brota er varða sóðaskap yrði mun hraðari og skilvirkari ef Íslendingar færu að dæmi Svía en þar getur nú lögreglan sektað menn á staðnum séu þeir staðnir að sóðaskap.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að hér á landi hafi lögreglan ekki heimild til að sekta menn á staðnum en það myndi flýta fyrir afgreiðslu slíkra máli væri það hægt. „En annars er gott lag á þessu eins og þetta er núna,“ segir hann.

Ekki koma mörg slík brot á borð lögreglu en þeim fer þó fjölgandi. Skráð voru nítíu brot gegn lögreglusamþykktum á höfuðborgarsvæðinu í fyrra og eru fjögur þeirra fyrir sóðaskap. Það sem af er ári eru þessi brot orðin fimm, þar af eru tvö fyrir að brjóta gler á almannafæri. Samtals eru brot á lögreglusamþykktum, það sem af er þessu ári, fimmtíu og níu. **- jse**

### Hvernig tekur lögreglan á sóðaskap?

Sóðaskapur, eins og að henda rusli á úti á götu, er brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar. Ef einhver er staðinn að slíku broti er tekin lögregluskýrsla en því næst fær löglærður fulltrúi lögreglunnar málið til afgreiðslu. Hann ákveður sektina og segir Geir Jón að þá sé tekið tillit til þess hversu alvarlegt brotið er. Eins verður það til að hækka sektina ef brotamaður hefur áður verið staðinn að slíkum sóðaskap. Greiði viðkomandi ekki sektina fer málið fyrir dóm.

Sektir af þessu tagi eru þó aldrei undir tíu þúsund krónum.



**SÓÐASKAPUR** Sekt fyrir að henda rusli á víðavangi er aldrei undir tíu þúsund krónum. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR



**ÁTAKAFUNDUR** Obama á fundi með leiðtogum þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmenn vestra hnakkrífast:

## Deilur harðna um skuldaþak

**BANDARÍKIN, AP** Aukin harka hefur færst í deilur bandarískra þingmanna um skuldaþak bandaríska ríkisins. Fokreiðir þingmenn hafa gagnrýnt bæði hver annan og Barack Obama Bandaríkjaforseta.

Fjármálafyrirtækin á Wall Street auka enn á hitann með því að segja það hafa skelfilegar afleiðingar ef repúblikönum og demókrötum tekst ekki að ná samkomulagi um að hækka skuldaþak Bandaríkjanna, svo ríkið geti staðið undir afborgunum af skuldum sem eru að gjaldfalla. **- gb**

Vel fylgst með eldstöðvum:

## Merki um gos við Hamarinn

**ELDGOS Líkur eru taldar á að lítið eldgos hafi orsakað hlaupið undan vestanverðum Vatnajökli í fyrradag, að sögn Odds Sigurðssonar jarðfræðings. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.**

**Tveir nýir sigkatlar, sem ekki var vitað um, komu í ljós í flugi Almannavarna yfir svæðið. Að sögn Odds er greinilega hiti undir jöklinum á stað þar sem ósennilegt er að hafi verið hiti áður.**

**Hlaupin í Vatnajökli í fyrradag og frá Kötlu um síðustu helgi skýrast bæði af eldvirkni og telja jarðvísindamenn ástæðu til að vakta báðar eldstöðvarnar vel. Engin merki sjást þó um yfirvofandi umbrot.**

# Einkaneysla hefur aukist undanfarið

**Einkaneysla landsmanna virðist hafa vaxið merkjanlega á öðrum ársfjórðungi ársins að mati Greiningar Íslandsbanka. Gefur fyrirheit um töluverðan hagvöxt og gæti haft jákvæð áhrif á ýmsar atvinnugreinar, segir sérfræðingur.**

**EFNAHAGSMÁL** Myndarlegur vöxtur virðist hafa orðið á einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi ársins. Greining Íslandsbanka telur að vöxturinn hafi ekki verið jafn hraður frá því fyrir hrun.



JÓN BJARKI BENTSSON

„Við byggjum þetta mat á þróun kortaveltu. Það hefur sýnt sig að það er býsna sterkt og stöðugt samband á milli raunþróunar kortaveltu og einkaneyslu. Kortaveltan hefur aukist verulega síðustu mánuði og okkur þykir einsýnt að það sé ávísun á verulegan vöxt einkaneyslunnar,“ segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka.

Seðlabankinn birti nýverið tölur um kreditkortaveltu í júní. Þær leiddu í ljós tæplega 6 prósenta aukningu að raungildi milli ára. Samantekin raunaukning kreditkortaveltu og innlendrar debetkortaveltu þykir gefa góða mynd af þróun einkaneyslu. Sé litið á báðar stærðir fæst sú niðurstaða því að einkaneysla hafi aukist um 5 til 7 prósent að raungildi á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama ársfjórðung í fyrra.

Sé þetta mat Greiningar Íslandsbanka rétt er það hraðasta aukning einkaneyslu frá því á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008.

Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs jókst einkaneysla um 1,5 prósent borið saman við sama tímabil í fyrra. Því benda ofangreindar tölur til þess að vöxtur einkaneyslu á fyrri helmingi ársins hafi verið á bilinu 3 til 4 prósent.

Einkaneysla er einn þáttur landsframleiðslu og því vaknar sú spurning hvort sama þróun sé að eiga sér stað með hagvöxt. „Við höfum ekki eins góðar vísbendingar um þróun annarra hluta landsframleiðslunnar. Við teljum okkur þó hafa nasasjón af því hvað er að henda þá. Við til dæmis vitum að innflutningur er að vaxa heldur hraðar en útflutningur sem dregur úr hagvexti. Á hinn bóginn er fjárfesting væntanlega að vaxa. Því bendir flest til þess að hagvöxtur verði töluverður á öðrum ársfjórðungi,“ segir Jón Bjarki og bætir því við að vonandi smiti vaxandi einkaneysla út frá sér í aðra atvinnuvegi.

„Hins vegar mætti hagvöxturinn vera í ríkari mæli grundvallaður á auknum útflutningi og fjárfestingu. Það má segja að það sé til lengri tíma litið sjálfbærari vöxtur,“ segir Jón Bjarki að lokum.

**magnusl@frettabladid.is**

### Raunþróun kortaveltu og einkaneyslu

**Frá fyrsta ársfjórðungi 2002 til annars ársfjórðungs 2011**




*Heimild: Greining Íslandsbanka. Gögn: Hagstofan og Seðlabankinn*

> Því bendir flest til að hagvöxtur verði töluverður á öðrum ársfjórðungi.
>
> **JÓN BJARKI BENTSSON**
> SÉRFRÆÐINGUR HJÁ ÍSLANDSBANKA

Eitri byrlað á útihátíð:

## Tvær stúlkur í lífshættu

**LÖGREGLUMÁL Tvær stúlkur voru í lífshættu eftir að þeim hafði verið byrlað eitur á Bestu hátíðinni um síðustu helgi.**

**DV hefur skýrt frá að 26 ára konu hafi verið byrlað deyfilyf á hátíðinni og fréttastofa RÚV sagðist í gær hafa staðfestingu um annað tilvik af hátíðinni. Þar átti í hlut stúlka undir tvítugu sem missti meðvitund og var hætt komin.**

**Samkvæmt RÚV var hvorugu fórnarlambanna nauðgað, en nokkrum sinnum á ári koma konur til neyðarmóttöku eftir að hafa verið nauðgað af mönnum sem hafa byrlað þeim eitri. - gb**

Ársfundi Hvalveiðiráðs lokið:

## Fulltrúi Íslands gekk af fundi

**HVALVEIÐAR** „Við óttuðumst að atkvæðagreiðsla yrði til þess að kljúfa Alþjóðahvalveiðiráðið í herðar niður,“ segir Tómas H. Heiðar, aðalfulltrúi Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu.



TÓMAS H. HEIÐAR

Fulltrúar Íslands, Noregs og Japans gengu út af fundi ráðsins í gær ásamt fulltrúum annarra ríkja sem styðja sjálfbærar hvalveiðar. Fulltrúar Argentínu og Brasilíu höfðu þá borið fram til atkvæða tillögu um stofnun griðasvæðis hvala í Suður-Atlantshafi.

„Það var engin hætta á að þeir myndu ná tilskyldum meirihluta, heldur vildum við koma í veg fyrir að atkvæðagreiðsla yrði til þess að spilla andrúmsloftinu í ráðinu, sem hefur farið batnandi á undanförnum árum.“ **- gb**


FARIÐ MEÐ SVARIÐ Í FERÐALAGIÐ!




Hafsjór af fróðleik um land og þjóð



Handhægt ferðakort



Hljóðbók
Arnar Jónsson les 19 þjóðsögur



Nýr ítarlegur hálendiskafli

Eymundsson metsölulisti 30.06.10-06.07.10

Kíktu inn á vegahandbokin.is

Vegahandbókin sími: 562 2600

Gamla bókin tekin upp í á kr. 1.000

Aðeins í bókaverslunum - Ekki á bensínstöðvum


Nýja brúin er að verða tilbúin og verður klár fyrir umferð á mánudaginn:

# Múlakvíslabrúin nánast tilbúin

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdir Vegagerðarinnar við Múlakvísl ganga vel að sögn Hreins Haraldssonar vegamálastjóra en brúin er að mestu tilbúin. Þó verður það ekki fyrr en á sunnudag eða mánudag sem hægt verður að aka yfir hana. Það er tveimur dögum fyrr en bjartsýnustu menn leyfðu sér að vona, segir vegamálastjórinn.

Klárað var að leggja brúargólfið í hana í gær en síðan á eftir að setja á hana vegrið og koma á hana ýmsum festingum. „Þá á enn eftir að koma ánni undir brúna en nú rennur hún til hliðar við hana,“ segir Hreinn. Þá á enn eftir að útbúa vegspottana sem liggja að brúnni báðum megin.

Spurður hví menn eru svo snöggir svarar hann kankvís: „Menn fylltust bara fítonskrafti þegar þeir heyrðu allar bollaleggingarnar um brúargerð hermannanna.“ **- jse**



**BRÚARSMIÐUR Í ÓÐA ÖNN** Guðmundur Sigurðsson brúarsmiður, sem hér sést að störfum, og kollegar hans ætla að klára verkið tveimur eða þremur dögum fyrr en vegamálastjóri þorði að vona. MYND/VEGAGERÐIN

HÓTEL EDDA LEGGUR SÉRSTAKA ÁHERSLU Á AÐ MATREIÐA ÚR ÍSLENSKU HRÁEFNI OG BÝÐUR MEÐAL ANNARS UPP Á GÓMSÆTA LAMBAKJÖTSRÉTTI Í SUMAR.

# BROSANDI ALLAN HRINGINN







## 13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

Lambakjöt
LAMBAKJOT.IS

## GENGIÐ 14.07.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,78 | 117,34 |
| Sterlingspund | 188,22 | 189,14 |
| Evra | 165,49 | 166,41 |
| Dönsk króna | 22,188 | 22,318 |
| Norsk króna | 21,079 | 21,203 |
| Sænsk króna | 17,947 | 18,053 |
| Japanskt jen | 1,4784 | 1,4870 |
| SDR | 185,79 | 186,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,078

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ítalíustjórn ætlar að skera niður um 70 milljarða evra til að bjarga fjárhagnum:

# Skuldaskrímslið étur framtíð okkar

**ÍTALÍA, AP** „Án fjárlagajafnvægis myndi skuldaskrímslið, sem kemur úr fortíðinni, éta upp framtíð okkar og framtíð barnanna okkar,“ sagði Giulio Tremonti, fjármálaráðherra Ítalíu, þegar hann ávarpaði þingheim í gær.

Öldungadeild ítalska þjóðþingsins samþykkti aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar í gær en neðri deild þingsins greiðir atkvæði um þær í dag.

Aðhaldspakkinn hljóðar upp á 70 milljarða evra, eða nærri 12.000 milljarða króna. Þrýstingur frá fjármálamörkuðum, sem treysta ekki lengur ítölskum skuldabréfum, varð til þess að stjórnin bæði hraðaði afgreiðslu aðhaldspakkans og hækkaði sparnaðarupphæðina verulega.



GIULIO TREMONTI

Ítalía skuldar nú nærri 120 prósent af landsframleiðslu sinni, og nálgast þar með Grikkland sem skuldar nærri 150 prósent.

Komist Ítalía í þrot, eins og Grikkland gerði, verður varla mögulegt fyrir Evrópusambandið að koma henni til bjargar, því Ítalía er þriðja stærsta hagkerfi ESB og skuldabyrðin því miklu meiri í fjárhæðum talið en hjá Grikklandi, sem er afar lítið hagkerfi á mælikvarða ESB.

Ítalir skulda nú 1.800 milljarða evra, sem væri miklu stærri biti að kyngja en þeir 300 milljarðar evra sem Grikkir skulda. - gb

Dæmdur fyrir fjölda brota:

# Skal í meðferð eða fangelsi

**DÓMSMÁL Tæplega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi. Skilorðið er háð því að maðurinn hefji meðferð innan viku vegna áfengis- og lyfjaneyslu.**

**Maðurinn var einkum dæmdur fyrir þjófnaði á áfengi, matvælum, fatnaði og öðrum munum. Kona á þrítugsaldri sem var með honum í sumum afbrotunum var dæmd í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Maðurinn á að baki langan sakaferil.** - jss

Sagðist 17 ára en var 27 ára:

# Tennur réðu örlögum manns

**SVÍÞJÓÐ** Ungur maður frá Afganistan, sem sótti um hæli í Svíþjóð í janúar síðastliðnum, kvaðst vera 17 ára. Starfsmaður innflytjendastofnunarinnar fékk hins vegar upplýsingar um að hann hefði áður sótt um hæli í Noregi og af röntgenmynd sem tekin var af tönnum hans þar hefði verið talið að hann væri um 25 ára.

Nokkrum vikum seinna slógu starfsmenn sænsku stofnunarinnar því föstu að ungi maðurinn væri 27 ára. Þótt barnalæknir hefði skrifað vottorð upp á að hælisleitandinn væri að öllum líkindum 17 ára var hann sendur aftur til Noregs. Félagsmálayfirvöld í Svíþjóð gagnrýna málsmeðferðina. Strangari reglur gilda um þá hælisleitendur sem eru eldri en 18 ára. - ibs

Bílstjóra brá í brún:

# Slógu golfkúlu í gegnum rúðu

**KÓPAVOGUR Golfkúla var slegin fyrir slysni í gegnum bílglugga í Kópavogi í gær. Bílstjórinn slapp ómeiddur.**

**Lögreglan hafði í framhaldinu afskipti af tveimur piltum sem voru að æfa golf. Var þeim bent á að heppilegast væri að spila golf á golfvöllum. Piltarnir efuðust hins vegar um að kúla frá þeim hefði hæft bílinn.**

## LEIÐRÉTT

Ranglega var talað um Bonn í frétt um sjávarútvegsstefnu ESB í blaðinu í gær þegar átt var við Brussel.

Ranghermt var í myndatexta á veiðisíðu í gær að Þorsteinn Stefánsson héldi á níu kílóa steinbít og sænskur ferðamaður stæði til hliðar. Það var sá sænski sem hélt á steinbítnum og Þorsteinn stóð við hlið hans.

# Allir bændur með bústofn verða starfsleyfisskyldir

**Sauðfjárbændur, hrossabændur, tamningamenn og aðrir sem reka þjónustustarfsemi með dýr verða starfsleyfisskyldir samkvæmt nýju frumvarpi um dýravelferð. Markmið er að hraða aðgerðum gegn dýraníðslu.**

**DÝRAHALD** Sauðfjárbændur, hrossabændur, og þeir sem stunda þjónustu með dýr, svo sem tamningamenn, verða starfsleyfisskyldir, verði frumvarp til laga um dýravelferð samþykkt í núverandi mynd. Þetta er til samræmis við reglugerðir sem gilda um aðra búfjáreigendur.

Frumvarpið, sem unnið var af nefnd á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytsins, gerir ráð fyrir mun einfaldara ferli hvað varðar dýraverndunarmál heldur en verið hefur. Málaflokkurinn mun þá heyra undir eitt ráðuneyti, það er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í stað tveggja áður. Um hann munu gilda ein lög en ekki tvenn eins og verið hefur. Vörslusvipting dýra verður á hendi Matvælastofnunar (MAST) í stað viðkomandi lögreglustjóra áður, svo dæmi séu nefnd.

„Eitt af þeim markmiðum sem sett voru við vinnslu frumvarpsins var að ná betri og skjótari tökum á búum sem lengi hafa verið til vandræða og jafnvel að koma í veg fyrir vanda af því tagi,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, sem sæti átti í nefndinni er vann frumvarpið.

„Ferlið var einfaldað í þeim tilgangi að auðvelda eftirrekstur og þvingunarúrræði til að stöðva dýraníðslu. Nú eru þessi mál alfarið á forræði MAST sem óskar þá eftir aðstoð þar til bærra aðila.“

Frumvarpið tekur á fjölda atriða sem bann verður lagt við, þar sem þau flokkast undir slæma meðferð dýra. Til dæmis verður bannað að dæla mat í gæsir til að fá úr þeim stærri lifur. Þá er ráðherra heimilt að banna innflutning afurða sem orðnar eru til með aðferðum sem flokkast undir illa meðferð.

„Þarna er verið að taka þátt í alheimsherferð gegn slæmri meðferð,“ útskýrir Halldór. „Undir þetta myndi einnig falla innflutningur á gæsadún af gæsum sem hafa verið reyttar lifandi, svo fleiri dæmi séu nefnd.“

Hvað varðar framkvæmd veitingar starfsleyfis til þjónustuaðila og bænda segir Halldór að MAST sé komin með gagnagrunna um allan búskap á landinu og leyfisveitingar verði unnar í tengslum við þá grunna. jss@frettabladid.is



**BÚFÉ** Krafa um starfsleyfi nær meðal annars til sauðfjárbænda, hrossabænda og þeirra sem reka þjónustu fyrir dýr, svo sem tamningamanna og æfingastöðva fyrir hross, sem sprottið hafa upp á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Rafmagnsólar hunda bannaðar

Frumvarp til laga um dýravelferð kveður á um að rafmagnsólar til þjálfunar á hundum verði bannaðar. Einnig að einungis fagaðilar megi nota geldingatangir og tjakka til notkunar við burðarhjálp hjá stórgripum, svo dæmi séu nefnd. Ákvæðið er til komið vegna vandamála sem hefur orðið vart við vegna sölu á útbúnaði sem óheimilt er að nota á dýr.

## Bannað að gefa svín sem gjöf

Frumvarp til laga um dýravelferð kveður á um að óheimilt sé að selja eða afhenda dýr þegar tilefni er til að ætla að móttakandi hafi ekki getu eða vilja til að annast dýrið á þann hátt sem samræmist ákvæðum frumvarpsins. Sem dæmi er nefnt að á síðustu árum hafi jafnvel verið stundað að gefa dýr, til dæmis svín og kalkúna, sem tækifærisgjafir handa fólki sem enga aðstöðu hafi til að fullnægja þörfum dýranna.




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**GOTT SV-LANDS**
Í dag og næstu daga ríkja að mestu norðlægar eða breytilegar áttir. Vindur verður fremur hægur og sunnan- og vestanlands mun sjást töluvert til sólar. N- og A-lands má búast við skýjuðu veðri að mestu og súld eða skúrum. Kólnar norðan til.




**Á MORGUN**
3-8 m/s víðast hvar.

**SUNNUDAGUR**
Hæg A-læg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 23° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 28° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 14° |
| París | 25° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN
2010
GRILLAÐU GÆÐI
„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara - hráefnið fæst í Hagkaup"
GRÍSARIF
BARNABORGARI
LAMBORGARI
Lamborgarinn á sér enga hliðstæðu
Fyrsti sinnar tegundar á Íslandi
MORTHENS
„Það er gott að elska"
Bubbi Morthens
STÓRI BÓ
„Það er ekki gó fyrr en Bó segir gó"
Björgvin Halldórsson
Holta
699 kr/kg.
Verð áður 979.-
Heill kjúklingur
ferskur
Holta
1.998 kr/kg.
Verð áður 2.798.-
Kjúklingabringur
ferskar
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.898.-
Nauta entrecote
ÍSLANDS LAMB
1.398 kr/kg.
Verð áður 2.199.-
Lambalæri
kryddlegið
Splunkunýtt frá Egilsstöðum!
UNAÐSBITI
UNAÐSLEGAR BÖKUR & BAKAÐAR OSTAKÖKUR BYGGÐAR Á EKTA AMERÍSKUM UPPSKRIFTUM!
15% AFSLÁTTUR
NÝTT Í HAGKAUP
Ferskir og spennandi Laxaborgarar úr kjötborði*
TILBOÐ
STEINBAKAÐ BAGUETTE
279 kr/stk.
NÓA SPRENGJUR
TILBOÐ
EPLALENGJA
349 kr/stk.
MONSTER ORKUDRYKKUR
299 kr/stk.
FANTA EXOTIC & LEMON
Flatkökur - góðar í útileguna!
TILBOÐ
PRINCE POLO 2 Í PAKKA
149 kr/pk.
TILBOÐ
BILLY'S PAN PIZZA HAWAII
199 kr/stk.
24 Hagkaup
OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg
Gildir til 17. júlí á meðan birgðir endast.
*fást í Hagkaup Kringlu og Garðabæ.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



*Finnst þér að starfsemi fyrirtækja eins og Hringrásar eigi að fara úr íbúðabyggð?*

| | |
|---|---|
| NEI | 81,8% |
| JÁ | 18,2% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlarðu að grilla um helgina?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir


Rannsókn sýnir að fjöldi heilbrigðra snæhlébarða lifir í fjöllum Afganistans:

# Fundu sjaldgæfa snæhlébarða

**AFGANISTAN** Sjaldgæfir snæhlébarðar hafa fundist í fjöllum í norðausturhluta Afganistans. Hlébarðarnir eru við góða heilsu að sögn náttúruverndarsinna sem hafa rannsakað málið.

Snæhlébarðar eru mjög sjaldgæfir og eru taldir í útrýmingarhættu. Þeim hefur fækkað um allt að tuttugu prósent á síðustu sextán árum og talið er að á bilinu 4.500 til 7.500 dýr séu til í heiminum öllum.

Myndavélar voru notaðar við rannsóknina og settar upp á sextán mismunandi stöðum á stóru landsvæði. Myndir af hlébörðunum náðust þannig og ríkir mikil ánægja með fundinn meðal náttúruverndarsamtakanna Wildlife Conservation Society, sem framkvæmdu rannsóknina. Yfirmaður þeirra í Asíu, Peter Zahler, segir að uppgötvunin sýni að snæhlébarðar eigi sér von um framtíð í Afganistan. Mikilvægt sé að tryggja dýrunum öryggi, en þau eru mjög eftirsótt. Bæði eru feldir þeirra dýrmætir og þau eru vinsæl sem ólögleg gæludýr. **- þeb**



**SNÆHLÉBARÐI** Dýrin sem fundust eru sögð óvenjulega heilbrigð, en snæhlébarðar eru í mikilli útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leyniverksmiðjur í Svíþjóð:

# Fundu mörg tonn af tóbaki

**SVÍÞJÓÐ** Nokkrir menn hafa verið ákærðir í Svíþjóð fyrir að hafa keypt óunnið tóbak, sett í það bragðefni og síðan selt það sem vatnspíputóbak, alls 65 tonn, undanfarin tvö ár án þess að borga krónu í skatt.

Þýskir tollverðir fundu í október síðastliðnum rúmlega eitt tonn af vatnspíputóbaki undir þvottaefnispökkum. Tóbakið var merkt eins og tóbak sem framleitt er í Dubai. Í kjölfarið fann lögreglan leyniverksmiðjur í fjórum bæjum. **- ibs**





**Á ALLSHERJARÞINGINU** Fulltrúum Suður-Súdans óskað til hamingju. NORDICPHOTOS/AFP

Sameinuðu þjóðunum fjölgar:

# Suður-Súdan er komið í hópinn

**BANDARÍKIN, AP** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York samþykkti í gær inngöngu Suður-Súdans í samtökin. Suður-Súdan er þar með formlega orðið 193. ríki Sameinuðu þjóðanna.

Joseph Deiss, forseti Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sló hamri sínum í ræðupúlt þingsins í gær til að lýsa yfir inngöngu Suður-Súdans og uppskar fagnandi lófatak þingfulltrúa.

Suður-Súdan lýsti yfir sjálfstæði um síðustu helgi í samræmi við niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu í janúar. **- gb**

Ný lög í Kaliforníu:

# Saga samkynhneigðra kennd

**BANDARÍKIN, AP Jerry Brown, ríkisstjóri í Kaliforníu, undirritaði í gær ný lög, sem gera skólum í landinu skylt að kenna sögu samkynhneigðra.**

**Ríkisþingið samþykkti þessi lög í síðustu viku. Kalifornía verður þar með fyrsta ríkið í Bandaríkjunum sem gerir sögu samkynhneigðra að hluta skyldunáms í samfélagsfræðigreinum.**

**Lögin hafa verið gagnrýnd af kirkjum og íhaldssömum samtökum sem segja að foreldrar sumra barna geti átt erfitt með að sætta sig við námsefnið. - gb**

# Sex efnilegir hvolpar undan Ellu og Nelson

**Í kjölfar kreppunnar gripu lögregla og tollgæsla til þess ráðs að leiða saman fíkniefnahundaparið Ellu og Nelson. Árangur þess fundar lét ekki á sér standa og í fyllingu tímans gaut Ella sjö hvolpum. Sex þeirra lofa mjög góðu.**

**LÖGGÆSLA** „Í kjölfar kreppunnar varð það að samkomulagi milli lögreglu og tollgæslu að prófa að rækta eigin fíkniefnahunda,“ segir Haukur Örn Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður á Suðurnesjum.

Samkomulagið leiddi til þess að fíkniefnahundarnir Ella á Suðurnesjum og Nelson hjá tollgæslunni sameinuðu krafta sína með þeim afleiðingum að sjö svartir hvolpar fæddust. Fram til þessa hafa fíkniefnahundar verið fluttir að utan með milljóna tilkostnaði á hvern hund.

„Það var ákveðið að láta reyna á þetta eftir að það mat sérfræðinga lá fyrir að þessir tveir hundar ættu mjög vel saman,“ bætir Haukur við. „Þetta virðist hafa heppnast með ágætum, því allar líkur benda til þess að allir hvolparnir, utan einn sem uppfyllir ekki strangar kröfur, verði notaðir í vinnu.“

Haukur hefur alfarið unnið með tíkina Ellu frá því að hún var flutt til landsins 2004. Hún kom frá ræktun í Bretlandi, en var valin af norskum hundaþjálfara, sem fór með hana til Noregs. Þar grunnþjálfaði hann hana. Haukur fór síðan út þar sem hann dvaldi í viku og kom heim með Ellu. „Hundaþjálfarinn skoðaði 82 hunda úr bresku veiðihundaræktuninni og valdi síðan einungis tvo af þeim. Annar var Ella,“ segir Haukur og það örlar á stolti í röddinni.

Nelson á sér svipaða sögu. Hann var einnig vandlega valinn úr breskri veiðihundaræktun af hundaþjálfara, sem fór með hann til Noregs og þaðan lá leiðin til íslensku tollgæslunnar.



**VINIR OG VINNUFÉLAGAR** Sigmundur Bjarnason yfirtollvörður t.v. með fíkniefnahundinn Nelson og hvolpinn Pax og Haukur Örn Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður með tíkina Ellu og hvolpinn Clarissu. Fullorðnu hundarnir fara alltaf með sínum mönnum í vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Fram til þessa hafa fíkniefnahundar verið fluttir að utan með milljóna tilkostnaði á hvern hund.
>
> **HAUKUR ÖRN SIGURJÓNSSON**
> RANNSÓKNARLÖGREGLUMAÐUR HJÁ LÖGREGLUNNI Á SUÐURNESJUM

Hvolparnir sjö komu í heiminn sumardaginn fyrsta á síðasta ári og sá dagur er Hauki nokkuð minnisstæður.

„Hún var búin að eiga tvo, þegar mér sýndist hún ætla að eiga í erfiðleikum með þann næsta. Það var engan dýralækni að fá á þessum degi, svo ég setti hana út í bíl með hvolpunum og brunaði í bæinn. Við Straum gaut hún svo hvolpinum og restin kom á Dýraspítalanum í Víðidal. Svona eftir á að hyggja hef ég víst verið óþarflega áhyggjufullur.“

Það er mikið verk að annast fíkniefnahund. Hann þarf stöðuga þjálfun, örvun og hrós.

„Ég læt tíkina synda mikið,“ útskýrir Haukur. „Í daglegum útivistartímum merkir hún oft á einhver tól sem hafa verið notuð til hassreykinga. Þá fær hún þennan að launum,“ bætir hann við og lyftir upp gulum bolta. Og þar með bindur Ella enda á viðtalið.

**jss@frettabladid.is**

Murdoch-feðgar láta undan:

# Ætla að mæta fyrir þingnefnd

**BRETLAND, AP Feðgarnir Rupert og James Murdoch sögðust í gær ætla að mæta í yfirheyrslu hjá breskri þingnefnd í næstu viku til að ræða hleranahneykslið, sem varð til þess að þeir hættu um síðustu helgi útgáfu æsifréttablaðsins News of the World.**



**RUPERT MURDOCH**

**Breska þingið segir að þeir hafi fyrst neitað að mæta en síðan látið undan eftir að þingið greip til þess ráðs að stefna þeim.**

**Afar óvenjulegt er að vitni, sem þingnefnd í Bretlandi kallar á sinn fund, neiti að mæta. Nick Clegg aðstoðarforsætisráðherra var harðorður af því tilefni og sagði að ef þeir hefðu minnsta vott af ábyrgðarkennd þá myndu þeir mæta. - gb**

Nefnd um kynferðisbrot:

# Kirkjan vill ábendingar

**SAMFÉLAGSMÁL Nefnd vegna kynferðisbrota innan kirkjunnar býður öllum sem vilja koma athugasemdum, tillögum eða erindum á framfæri að hafa samband við sig.**

**Nefndin var kosin á aukakirkjuþingi og á að útbúa tillögur til úrbóta varðandi forvarnir og viðbrögð vegna kynferðisbrota. Nefndin tekur sérstaklega mið af tillögum sem voru settar fram í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings. Þá verður sérfræðiaðstoðar leitað.**

**Tillögurnar verða lagðar fyrir næsta kirkjuþing í haust. Í nefndinni sitja fimm kirkjuþingsfulltrúar. - þeb**






FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


Slysum á Miklubraut hefur fjölgað vegna akreina fyrir hópferðabíla:

# Auka þarf fræðslu um hættu

**SAMGÖNGUMÁL** Sérakreinar fyrir hópferðabíla á Miklubraut koma ekki vel út þegar slysatíðni er skoðuð. Slysum hefur fjölgað eftir að þessar akreinar voru teknar í notkun en þó hafa hópferðabílar ekki verið orsakavaldar. Þetta kemur fram í skýrslu sem verkfræðistofan Mannvit vann fyrir Vegagerðina.

Sérakrein var opnuð til vesturs á Miklubraut milli Kringlu og Lönguhlíðar árið 2005 og hún var lengd til austurs að Skeiðarvogi þremur árum síðar. Árið 2009 var svo opnuð sérakrein í austurátt frá strætóskýli við Stakkahlíð og að Kringlumýrarbraut. Slysatíðnin var áberandi hærri fyrir umferð í vesturátt en austurátt. Mestur var munurinn árið 2005 en þá urðu 0,31 sinnum fleiri slys á hverja milljón ökutækja til vesturs en austurs. Hlutfallsmunurinn var mestur 2009, þegar slysatíðni í vestur var 135 prósentum hærri en fyrir umferð í austur. Þá er slysatíðnin mun hærri á aðreinum en fráreinum.

Lagðar eru til nokkrar einfaldar tillögur að úrbótum í skýrslunni. Úrbæturnar snúa aðallega að aðreinum vegna fjölda slysa. Meðal mögulegra úrbóta er að sérakreinar verði skipulega kynntar almenningi, að notendur sérakreina fái fræðslu um hætturnar, að biðskyldumerkingar séu bættar og að sérstök hægri beygjuljós séu sett upp. **- þeb**

## Slysin ekki af völdum hópferðabíla

Á tímabilinu sem rannsakað var í skýrslunni, árunum 2004 til 2009, urðu fimmtán árekstrar á svokallaðri fléttunarrein við Kringluna, sem fer undir Miklubraut. Í fjórtán af fimmtán árekstrum var annað ökutækið hópferðabifreið. Þær bifreiðar áttu þó aldrei sök á slysunum, heldur voru fólksbílar orsakavaldur í þrettán slysum og sendiferðabíll í einu. Athygli vekur að árið 2004, áður en sérakrein var opnuð þar, urðu engir árekstrar.



**MIKLABRAUT** Slysum fjölgaði eftir að sérakreinum var komið upp fyrir hópferðabíla.

Costa del Sol
frá kr. 49.900*
*) Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum 19. júlí. Verð 30. júlí kr. 59.900.

19. júlí í 11 nætur
30. júlí í 10 nætur

Beint morgunflug með Icelandair

# Costa del Sol

## 10 eða 11 nátta ferð - ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 11 nátta ferð til Costa del Sol 19. júlí og 10 nátta ferð 30. júlí. Í boði eru frábær sértilboð. Gríptu þetta einstæða tækifæri og skelltu þér í frábæra ferð til Costa del Sol og njóttu lífsins á hreint ótrúlegum kjörum. Athugið að verð getur breyst án fyrirvara.

### Hotel Aguamarina ***

Frá kr. 79.900
11 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 barn, 2-11 ára, í íbúð í 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 89.900. Sértilboð 19. júlí.



### Hotel Griego Mar ***
### Hotel Roc Flamingo ***

Frá kr. 129.900
10 eða 11 nætur með „öllu inniföldu"

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með „öllu inniföldu" í 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu" kr. 139.900. Sértilboð 19. júlí.

Aukalega í 10 nátta ferð 30. júlí kr. 15.000 á mann. Sértilboð 30. júlí.



Takmarkaður sætafjöldi og gisting í boði!
Athugið að verð getur breyst án fyrirvara.
Sjá nánar á www.heimsferdir.is.

ENNEMM / SÍA • NM46859 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margar íbúðir voru í smíðum um áramótin?
2. Hvaða íslenska hljómsveit er með lag í þættinum So You Think You Can Dance?
3. Hvaða fyrrum leikmaður Breiðabliks hefur nú verið seldur til AEK í Aþenu?

SVÖR

1. Fjórtán 2. Steed lord 3. Elfar Freyr Helgason

Stefna á hendur fyrrverandi dómsmálaráðherra fyrir meiðyrði er tilbúin:

# Jón Ásgeir stefnir Birni Bjarnasyni

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson athafnamaður hefur ákveðið að stefna Birni Bjarnasyni, fyrrverandi dómsmálaráðherra, fyrir meiðyrði.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, staðfestir að stefnan sé tilbúin og verði birt Birni og þingfest fyrir dómi að loknu réttarhléi í haust.

Málið snýst um nýlega bók Björns, Rosabaug yfir Íslandi, þar sem hann rekur sögu Baugsmálsins og áhrif þess á íslenskt samfélag.

Jón Ásgeir, sem var á sínum tíma bæði forstjóri og stjórnarformaður Baugs, hefur gagnrýnt bókina, einkum þá fullyrðingu sem í henni er að finna að hann hafi verið sakfelldur fyrir fjárdrátt í Baugsmálinu. Hið rétta er að Jón Ásgeir var sakfelldur fyrir bókhaldsbrot.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



BJÖRN BJARNASON

Björn leiðrétti þetta ranghermi eftir að á það var bent, bæði á vefsíðu sinni og í fjölmiðlum.

Aðspurður segir Gestur að þetta atriði sé þó ekki það eina sem stefnt verður út af, án þess að vilja fara nánar út í það hvað fleira hann og skjólstæðingur hans telja að geti flokkast sem ærumeiðingar. Hann vildi ekki heldur tjá sig um mögulega bótakröfu eða fjárhæð. - sh

Nafngiftir í Danmörku:

# William og Isabella vinsæl

**DANMÖRK Nöfn tengd konungsfjölskyldunni eru vinsælustu nöfnin í Danmörku. William var vinsælasta nafnið meðal nýfæddra sveina á síðasta ári og Isbella hjá meybörnum. Þetta kemur fram í gögnum sem danska hagstofan birti á dögunum.**

**Dóttir Friðriks krónprins og Mary krónprinsessu heitir Ísabella Henríetta Ingrid Margrét. Elsti sonur Jóakims prins heitir Nikolai William Alexander Friðrik.**



AKUREYRI Bæjarráð hefur gefið leyfi fyrir lengdum opnunartíma.

Verslunarmannahelgin:

# Skemmtistaðir opnir lengur

**AKUREYRI Bæjarráð Akureyrar hefur ákveðið að leyfa skemmtistöðum að hafa lengri opnunartíma um verslunarmannahelgina.**

**Bæjarráðið fékk beiðni frá Vinum Akureyrar um að opnunartíminn yrði lengdur. Nú mega skemmtistaðirnir vera opnir til klukkan þrjú aðfaranótt föstudags, til klukkan fimm aðfaranótt laugardags og sunnudags og til klukkan fjögur aðfaranótt mánudags.**

**Þá veitti bæjarráðið leyfi fyrir áfengislausri skemmtun sextán ára og eldri á laugardagskvöldinu til klukkan þrjú. - þeb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Keyrt á 21 kind í júlí

Lögreglan á Vestfjörðum hefur fengið 21 tilkynningu um að ekið hafi verið á kindur það sem af er mánuðinum. Ekið var á lömb á Suðureyrarvegi og Súgandafjarðarvegi á síðustu dögum, og drápust þau öll.

### Stal bíl af sveitabæ

Karlmaður var handtekinn á Selfossi í gærmorgun en hann hafði stolið bíl á sveitabæ í Biskupstungum og valdið tjóni á bílnum.

# Milljónir í svar við fyrirspurn

**Skriflegum fyrirspurnum þingmanna hefur fjölgað undanfarin ár. Kostnaður við að svara hverri fyrirspurn getur hlaupið á milljónum. Alls hafa 346 skriflegar fyrirspurnir komið fram á yfirstandandi þingi.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig nýta alþingismenn rétt til fyrirspurna?

Sífellt færist í aukana að alþingismenn sendi skriflegar fyrirspurnir til ráðuneyta. Um leið og þetta er mikilvægt lýðræðislegt aðhaldstæki er ljóst að kostnaður ráðuneytanna við að svara fyrirspurnum getur verið umtalsverður. Kostnaður þriggja ráðuneyta við svar ákveðinnar fyrirspurnar nam samtals 700 til 900 þúsund krónum.



HELGI BERNÓDUSSON

Þingsköpum var breytt í vor og gefinn rýmri frestur til að svara skriflegum fyrirspurnum. Hann var þá lengdur úr 10 dögum í 15. Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir að það hafi verið talinn raunhæfari frestur. „Það getur verið ansi snúningasamt að svara svona spurningu og það hefur verið okkar mat að þetta væri yfirleitt of knappur tími. Ráðuneytin þurfa að skrifa undirstofnunum og fá svör þaðan,“ segir Helgi.

Nýbreytni er í þingsköpum að ef ráðuneyti nær ekki að svara fyrirspurn innan tiltekins frests verður ráðherra að tilkynna þinginu um það og einnig hvað veldur.

Á yfirstandandi þingi voru lagðar fram 346 skriflegar fyrirspurnir og þegar hlé var gert á þinghaldi 15. júní átti enn eftir að svara 41 þeirra. Munnlegar fyrirspurnir voru 112.

Helgi segir þátt skriflegra fyrirspurna verða æ umfangsmeiri á kostnað þeirra munnlegu. Það sé þróun sem þekkist einnig úr nágrannalöndunum.

> Það getur verið ansi snúningasamt að svara svona spurningu og það hefur verið okkar mat að þetta væri yfirleitt of knappur tími.
>
> HELGI BERNÓDUSSON
> SKRIFSTOFUSTJÓRI ALÞINGIS

„Það hefur verið tilhneiging að hinum hefðbundnu munnlegu fyrirspurnum hefur fækkað, á meðan hinum skriflegu fjölgar. Þingmenn hafa meiri möguleika á að spyrja um einstök atriði í óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra og í umræðum um störf þingsins. Það gefur einnig öðrum þingmönnum færi á að taka þátt í umræðunum.“

Lengi hefur brunnið við að þingmönnum sé legið á hálsi fyrir að nýta sér rétt sinn til fyrirspurna til að vekja athygli á ákveðnum málum fremur en til þess að fá svör. Svörin eru enda oft auðfundin án þess að ónáða þurfi starfsmenn ráðuneyta. Með því komist þingmenn í fjölmiðla og það er jú hluti af þeirra starfi.

Eins og sést hér til hliðar er þetta ekki nýtt fyrirbæri. Þingmenn hafa verið gagnrýndir fyrir þetta árum saman, bæði þeir sem nú verma ráðherrastóla og eins þeir sem sitja nú í stjórnarandstöðu.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var til að mynda dugleg ur fyrirspyrjandi þegar hún var í stjórnarandstöðu. Frá október 2003 fram til febrúar 2005 lagði hún fram 107 fyrirspurnir. Það útlagðist sem 4 fyrirspurnir á hverri starfsviku þingsins á þessu 17 mánaða tímabili.

Ljóst er að fyrirspurnir þingmanna eru mikilvægt tæki Alþingis til að hafa aðhald með framkvæmdarvaldinu. Þó hefur verið bent á að þær skuli ekki misnota.

kolbeinn@frettabladid.is



ALÞINGI Fjöldi skriflegra fyrirspurna berst frá alþingismönnum á hverju þingi. Starfsmenn ráðuneyta þurfa oft og tíðum að leggja nokkra vinnu í svörin með tilheyrandi kostnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Dæmi um fyrirspurnir

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði á yfirstandandi þingi um stefnu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í kræklingarækt. Svarið var að finna í frumvarpi ráðherrans um kræklingarækt sem löngu var fram komið.

Vigdís Hauksdóttir spurði á yfirstandandi þingi um það við hve mörg ríki Ísland hefði stjórnmálasamband og í hve mörgum löndum Ísland starfrækti sendiráð. Einföld leit með google skilar svari á nokkrum mínútum.

Magnús Þór Hafsteinsson, þáverandi þingmaður Frjálslynda flokksins, spurði sjávarútvegsráðherra 2006 um landaðan afla í Akraneshöfn og hvaða skip hefðu landað afla þar. Svarið samanstóð af töflum frá Fiskistofu sem þingmaðurinn hafði aðgang að án atbeina ráðuneytisstarfsmanna.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, spurði ítarlega á sama þingi um framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka. Svarið var að finna í tölum almannatrygginga sem öllum voru opnar.

Þá má að lokum nefna munnlega fyrirspurn Jóns Bjarnasonar á þingi árið 2008 um hvað flugbrautin á Bíldudal væri löng.




## Tæp milljón hjá þremur ráðuneytum

Fréttablaðið leitaði fanga hjá öllum ráðuneytum til að fá dæmi um þann kostnað sem einstök fyrirspurn getur haft í för með sér og þá vinnu sem liggur að baki svarinu. Fyrir valinu varð fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, sem sendi öllum ráðuneytum eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneyta og embættismenn í undirstofnunum þeirra oft til útlanda á árunum 2007-2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður við ferðirnar með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Tölur bárust einungis frá þremur ráðuneytum: forsætis-, fjármála- og efnahags- og viðskipta. Samanlagður kostnaður þessara þriggja ráðuneyta við vinnslu svarsins nam 700 til 900 þúsund krónum og í hana fóru 197 til 223 vinnustundir. Einnig bárust svör frá umhverfisráðuneytinu, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Í því fyrstnefnda fór 2 til 3 daga vinna eins starfsmanns í svarið, en kostnaður hefur ekki verið tekinn saman. Í svari efnahags- og viðskiptaráðuneytisins kemur fram að tímanum hafi ekki verið haldið til haga. Hann mælist þó í dögum en ekki klukkustundum. Í svari hins síðasttalda segir að verkið hafi verið unnið af starfsmönnum ráðuneytisins samhliða öðrum störfum og kostnaður og umfang ekki verið tekið saman.

**80-100** Þær vinnustundir sem fóru í svar við fyrirspurninni í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

**Forsætisráðuneytið:** Kostnaður 150 til 200 þúsund krónur.
Tími 42 til 48 vinnustundir.

**Fjármálaráðuneytið:** Kostnaður 270 til 350 þúsund krónur.
Tími um 45 vinnustundir.

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið:** Kostnaður 280 til 350 þúsund krónur. Tími 80 til 100 vinnustundir.

Ljóst er að ofansögðu að kostnaður við þessa einu fyrirspurn hefur hlaupið á milljónum, sé gert ráð fyrir því að hann sé svipaður hjá öllum ráðuneytum.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

# Alltaf ódýrast á netinu

## SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS




TAKTU FLUGIÐ Á SKEMMTILEGA VIÐBURÐI UM ALLT LAND Í JÚLÍ. HÉR ERU ÖRFÁ DÆMI UM ÞAÐ SEM ER AÐ GERAST Í MÁNUÐINUM:

| | | |
|---|---|---|
| **Akureyri** | **28. júlí – 1. ágúst** | Ein með öllu |
| **Ísafjörður** | **8. – 9. júlí** | Púkamótið |
| | **15. – 17. júlí** | Vesturgatan, hlaupahátíð |
| | **29. júlí – 1. ágúst** | Mýrarbolti |
| **Neskaupstaður** | **7. – 9. júlí** | Eistnaflug |
| | **30. júlí – 1. ágúst** | Neistaflug |
| **Borgarfjörður eystri** | **22. – 24. júlí** | Bræðslan |
| **Fáskrúðsfjörður** | **21. – 24. júlí** | Franskir dagar |
| **Egilsstaðir** | **29. júlí – 1. ágúst** | Unglingamót UMFÍ |
| **Hrísey** | **15. – 17. júlí** | Fjölskyldu- og skeljahátíð |
| **Seyðisfirði** | **10. – 17. júlí** | LungA |

→ bókaðu flugið tímanlega á **flugfelag.is**

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Dr. Paul Manger, sérfræðingur í þróun heila í lífverum

# Kollvarpar þekkingu fólks á hvölum

**Dr. Paul Manger** er ástralskur vísindamaður sem hefur helgað sig rannsóknum á þróun heila. Rannsóknir hans benda til þess að hvalir séu ekki jafn greindir og flestir halda og hefur hann hlotið bágt fyrir frá ýmsum hópum. Manger hefur undanfarið dvalið á Íslandi og fengið heila til rannsóknar hjá íslenskum hvalveiðimönnum. *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* tók Manger tali í vikunni.

Dr. Paul Manger er 45 ára gamall ástralskur vísindamaður sem hefur helgað líf sitt rannsóknum á þróun heila í lífverum. Hann er prófessor við heilbrigðisvísindadeild Háskólans í Witwatersrand í Jóhannesarborg í Suður-Afríku og hefur rannsakað heila fjölmargra dýrategunda.

Þekktustu rannsóknir Mangers eru á heilum hvala og höfrunga. Niðurstöður hans benda til þess að ólíkt því sem flestir halda séu hvalir og höfrungar engu gáfaðri skepnur en önnur spendýr. Eins og gefur að skilja hafa þær niðurstöður ekki farið vel í alla.



KARL ÆGIR KARLSSON OG PAUL MANGER Dr. Manger hefur haft aðstöðu í Háskólanum í Reykjavík síðustu vikur og starfað með dr. Karli Ægi Karlssyni dósent. Heilinn sem Manger heldur á er úr hrefnu sem hvalveiðimennirnir á Hrafnreyði KÓ 100 veiddu fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Stóri heilinn hitastjórnunartæki

Dr. Paul Manger hóf rannsóknir á heilum hvala að loknu doktorsnámi þegar hann dvaldi sem nýdoktor við háskóla í Bandaríkjunum. Heili hvala vakti forvitni hans þar sem hvalir eru ein af einungis þremur tegundum dýra sem þróað hafa með sér sérstaklega stóran heila. Hinar tvær eru menn og fílar. Manger vildi skilja hvernig stórir heilar þróast í dýraríkinu en komst hins vegar fljótt að því að hvert þessara þriggja dýra hafði þróast á sinn hátt.

„Eins og flestir gekk ég að því sem vísu að hvalir og höfrungar væru gáfuð dýr, einfaldlega vegna heilastærðarinnar. Eftir því sem ég skoðaði heila þeirra nánar fór ég hins vegar að fyllast efasemdum því ég fann engin ummerki sérstaks gáfnafars,“ segir Manger og bætir við: „Ég hitti síðan á sínum tíma vísindamann sem heitir Kira Nikolskaya. Hún sagði mér frá hegðunarrannsóknum sínum sem höfðu leitt í ljós alls konar hluti sem hin og þessi dýr voru fær um að gera en hvalir virtust ekki vera færir um.“

Manger segist í kjölfarið hafa sökkt sér í rannsóknir á hvalaheilum og komist að ýmsu áhugaverðu.

„Í fyrsta lagi þá komst ég fljótt að því að heilar hvala eru ekki gerðir til að framkvæma mjög flóknar aðgerðir eins og heilar margra annarra spendýra og sérstaklega manna. Þannig að ég stóð frammi fyrir þeirri ráðgátu að hvalir hafa mjög stóra heila sem virðast þó ekki ráða við mjög flóknar aðgerðir,“ segir Manger.

Að lokum fann Manger aðra skýringu á stærð hvalaheila sem hefur vakið mikla athygli meðal líffræðinga. „Ég komst að því að heili hvala stækkaði mjög mikið á skömmu tímabili fyrir um 32 milljónum ára. Um það leyti féll hitastig sjávar verulega. Ég mundi þá eftir því að hvalir sofa einungis með öðru heilahvelinu í einu og falla aldrei í djúpsvefn. Sem er merkilegt því í djúpsvefni hjá öðrum spendýrum slokknar alveg á myndun hita í líkamanum. Þessi tvö atriði bentu því til þess að þróun hvala hefði tekið verulega mið af kuldanum í sjónum. Þegar ég tengdi þessi atriði saman varð mér ljóst að þessi stóri heili er tilkominn til að skapa hita í líkama hvalanna,“ segir Manger.

Manger segir að í grunninn séu tvær gerðir frumna í heilanum: taugafrumur og taugatróð. Frumurnar sjái í raun um flóknu starfsemina en tróðin skapi umhverfið sem frumurnar vinna í. „Eitt hlutverk tróðanna er að skapa hita og það kemur í ljós að í heilum hvala er magn tróða merkilega mikið,“ segir Manger og bætir við: „Fyrir hverja frumu eru 7 til 13 tróð í hvölum samanborið við 1,2 tróð á frumu í mönnum. Því myndast miklu meiri hiti í hvalaheilum en maður hefði búist við miðað við stærðina.“

> Eins og flestir gekk ég að því sem vísu að hvalir og höfrungar væru gáfuð dýr, einfaldlega vegna heilastærðarinnar.

Manger segir því mjög sterkar vísbendingar vera til staðar um að heilastærðin sé til komin til að vinna gegn hitatapinu sem verði óumflýjanlega í köldu hafinu.

### Kallað eftir afsögn

Viðbrögðin við niðurstöðum Mangers hafa verið blendin. Hefur hann verið kallaður öllum illum nöfnum á netinu og þess hefur meira að segja verið krafist að honum yrði sagt upp störfum.

„Þeir einstaklingar sem engan hag hafa af því hvort ég hef rétt eða rangt fyrir mér taka niðurstöðum mínum yfirleitt með opnum huga. Annaðhvort taka þeir undir niðurstöður mínar eða þá segja að þetta sé áhugavert og verðskuldi frekari rannsóknir,“ segir Manger. „Þeir sem hafa hins vegar hag af því að ég hafi rangt fyrir mér eða hafa haft mjög sterkar skoðanir á hvölum áður, þeir eru yfirleitt mjög neikvæðir fyrir mínum rannsóknum. Þannig var til dæmis kallað eftir því að ég yrði rekinn frá háskólanum sem ég starfa við. Háskólinn sýndi mér sem betur fer mikinn stuðning og sagði einfaldlega að hér væri um að ræða vísindalega tilgátu. Greinin hefði verið birt í vísindalegu tímariti þar sem fagfólki gefst kostur á að ganga úr skugga um sannleiksgildi rannsókna minna. Ef fólk hefði einhverjar athugasemdir gæti það reynt að svara þeim með vísindalegum rökum.“

Manger segist átta sig á því að rannsóknir sínar bendi til þess að sú glansmynd sem margir hafa af hvölum eigi ekki við rök að styðjast. Því veki þær vitaskuld misjöfn viðbrögð. „Fólk tekur því yfirleitt illa þegar það kemst að því að skoðanir þess eru ekki jafn skynsamlegar og það hefur talið. Og ég tala nú ekki um þegar við höfum dýr eins og hvali en um þá virðist hafa orðið til einhvers konar goðsögn. Sé leitað á internetinu er hægt að finna ótrúlegustu hluti um hvali. Á einni vefsíðu er því haldið fram að hvalir komi utan úr geimnum og muni ásamt mönnum fara af jörðinni á aðra plánetu þegar mennirnir eru orðnir nægilega þróaðir til þess. Þannig að þessi viðbrögð hafa ekki komið mér beint á óvart.“

### Skynsemi nauðsynleg við hvalveiði

Ein af helstu röksemdunum sem færðar hafa verið fram gegn hvalveiðum er sú að hvalir séu sérstök dýr, ekki síst vegna meintrar greindar þeirra. Spurður hvort rannsóknir hans eigi erindi í umræðuna um hvalveiðar segir Manger: „Séu hvalir ekki jafn greindir og flestir halda, þá er það alveg rétt, að ein af þeim röksemdum sem færðar eru fram gegn hvalveiðum er fallin. Það er hins vegar áfram alveg rétt sem margir hafa bent á að hvalveiðar eiga að fara fram á sjálfbæran hátt og þannig að dýrin þjáist sem minnst. Miðað við það sem ég hef séð á Íslandi er hvalveiðum þannig háttað hér á landi, þannig að ég fetti ekki fingur út í hvalveiðarnar hér.“

Manger er staddur hér á landi um nokkurra vikna skeið til að nálgast hrefnuheila sem hann fær hjá íslenskum hvalveiðimönnum. Erfitt getur reynst að fá góð sýni úr hvalaheilum erlendis og því stökk hann á tækifærið til að koma hingað til lands þegar það bauðst. Þá segist hann standa í þakkarskuld við áhöfn og eiganda Hrafnreyðar KÓ 100 sem féllust á að veita honum sýni. Hann hefur haft aðstöðu í Háskólanum í Reykjavík þar sem hann hefur starfað með dr. Karli Ægi Karlssyni, dósent við tækni- og verkfræðideild skólans. Manger hélt svo fyrirlestur í skólanum á mánudag.

## Dr. Paul Manger

- Dr. Paul Manger er fæddur í Melbourne í Ástralíu og er 45 ára gamall prófessor við heilbrigðisvísindadeild Háskólans í Witwatersrand í Jóhannesarborg í Suður-Afríku.
- Manger er barnlaus en hyggst kvænast unnustu sinni síðar á árinu.
- Manger lauk doktorsprófi í taugavísindum frá Queensland-háskóla í Ástralíu og starfaði að því loknu við rannsóknir í samanburðarlíffærafræði í Bandaríkjunum. Áður en hann tók við núverandi stöðu árið 2002 var hann gistivísindamaður við Karolinska Institutet í Svíþjóð og fékkst þar við sjónkerfisrannsóknir.
- Manger hefur nú helgað sig alfarið samanburðarlíffærafræði og er hér á landi í þeim tilgangi að safna heilum úr hrefnum.
- Manger hefur birt um 115 fræðigreinar og er leiðandi fræðimaður á sínu sviði.



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju er ekki tekið harðar á þeim sem henda rusli út um allt?

## Sektum sóðana

Samkvæmt nýjum lögum, sem tóku gildi í Svíþjóð fyrir nokkrum dögum, má lögreglan sekta fólk á staðnum fyrir að fleygja rusli. Sá sem fleygir til dæmis bjórdós eða samlokubréfi í almenningsgarði má gera ráð fyrir að punga út 800 sænskum krónum, hátt í fimmtán þúsund íslenzkum, þar og þá.

Anders Carlgren umhverfisráðherra segir í sænskum miðlum að sektunum sé ætlað að hafa fælingarmátt; æskilegast væri auðvitað að allir væru ábyrgir borgarar og hentu rusli bara í ruslafötur fortölulaust. En sænskt samfélag er víst ekki svo heppið, ekki fremur en það íslenzka.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Nýju lögin í Svíþjóð eru til komin eftir miklar umræður um vaxandi sóðaskap, ekki sízt í borgum og bæjum þar sem almenningsgarðar og torg eru stundum eins og svínastíur eftir að fólk hefur setið úti í góða veðrinu, grillað og drukkið – en ruslaföturnar eru tómar. Löggjöfin hefur þó verið harðlega gagnrýnd, bæði af opinberum stofnunum og almannasamtökum sem berjast fyrir umhverfisvernd og snyrtimennsku, fyrir að ganga ekki nógu langt og undanþiggja smæsta ruslið á borð við sígarettustubba og tyggigúmmí, sem margir segja algengasta og hvimleiðasta draslið.

Ættum við Íslendingar ekki að skoða okkar gang í þessum efnum? Umgengnin í miðborg Reykjavíkur um helgar og á útihátíðum um allt land er alveg skelfileg eins og við sjáum reglulega myndir af í blöðunum. Ekki þarf að vera mannfjöldi saman kominn til að fólk gleymi að nota ruslaföturnar; það er furðulega algengt að sjá fólk fleygja frá sér samloku- eða pylsubréfum við sjoppur, spýta tyggjói á gangstéttirnar eða henda sígarettustubbum út úr bílum. Stundum eru bílar sóðanna svo dýrir og vel bónaðir og svo dýrt úr á arminum sem fleygir ruslinu að það er nánast útilokað að þar séu óuppdregnir krakkar eða rónar með skerta meðvitund á ferðinni. Sóðaskapur er einfaldlega landlægt vandamál og nær til allra þjóðfélagshópa.

Lögreglan sektar vissulega fólk sem hún stendur að verki við að henda rusli. En gerir hún nóg af því? Það má draga í efa. Fyrirkomulagið er heldur ekki nógu skilvirkt og áhrifaríkt. Eins og kemur fram í Fréttablaðinu í dag, er verklagið við sektirnar svipað og það var áður í Svíþjóð; lögregluskýrsla er gerð um atvikið, hún fer svo til löglærðs fulltrúa sem ákveður sektina og sóðanum er stefnt fyrir dóm ef hann borgar ekki.

Alþingi og sveitarstjórnir ættu að beita sér fyrir því að tekið verði af meiri hörku á sóðaskapnum. Eigi menn á hættu að verða sektaðir um fastákveðna, háa upphæð hugsa þeir sig kannski tvisvar um áður en þeir láta sígarettustubbinn eða bjórflöskuna vaða.

Svo eiga mildari aðferðir að sjálfsögðu líka við; foreldrar þurfa að útskýra fyrir börnunum að það sé óvirðing við samborgarana að henda rusli og skerðing á lífsgæðum okkar allra. Í allmörgum tilvikum virðist ekki veita af að mennta foreldrana líka. Gjarnan mætti skapast samfélagsleg samstaða um að líða ekki sóðaskap eins og þann sem við horfum upp á daglega.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Hljómsveitin Sixties

Stórdansleikur á Kringlukránni

Sérstakur gestur Óttar Felix
laugardaginn 16. júlí

Aðeins
1500 kr
aðgangseyrir

Sjáumst.

Café/Restaurant
KRINGLU KRÁIN
– á góðri stund

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hví þessi leynd?

Fregnir bárust af því á miðvikudag að gengið hafi verið frá kaupum Íslandsbanka á öllum hlutabréfum í Byr. Seljendur voru slitastjórn og fjármálaráðuneyti, en kaupin eru háð samþykki eftirlitsstofnana. Kaupverðið verður ekki gefið upp samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka. Það verður að teljast sérkennileg ráðstöfun. Fjármálaráðherra fór með hlutina fyrir hönd almennings í landinu og er að selja þá fyrir hans hönd. Fyrirtækið varð nokkurs konar ríkisfyrirtæki, að hluta, með aðkomu ráðuneytisins að björgun Byrs; björgun sem ekki tókst. Almenningur hlýtur því að eiga rétt á að vita hvað fékkst fyrir hlutinn sem seldur var. Þetta eru jú okkar peningar.



### Akranes, það er ég

Sérkennileg eru ummæli bæjarstjóra Akraness vegna ritdóms Páls Baldvins Baldvinssonar um Sögu Akraness. Bæjarstjórinn hyggst leita réttar síns, eða bæjarins öllu heldur, og segir dóminn ekki lítilsvirðingu við höfundinn, heldur Akurnesinga alla. Ritdómur hlýtur að snúa að höfundi og ritnefnd og er svo í þessu tilfelli. L'État, c'est moi sagði annar leiðtogi eitt sinn og kannski hafði bæjarstjórinn það í huga?




### Einfalt mál

Annars ætti að vera einfalt mál að fá úr því skorið hvort ritdómurinn stangist á við lög eða ekki. Ritdómarinn segir höfund stela efni. Það á að vera auðsannað og sé svo hlýtur það að verða rannsakað. Bæjarstjórinn segir ritdómarann vera með skítkast, en er þá ekki einfaldast að hann sýni fram á að engu sé stolið og heimildarýni sé ávallt í hávegum höfð?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hálf milljón barna í lífshættu

Flóttamenn



Stefán Stefánsson
framkvæmdastjóri landsnefndar UNICEF á Íslandi

Hún átti ekki margra kosta völ unga konan frá Sómalíu sem gekk í 28 daga í steikjandi sól, á níunda mánuði meðgöngu og leitaði skjóls í flóttamannabúðum í Keníu. Ferðalagið var skelfilegt en hún hafði ekkert val – mestu þurrkar í Austur-Afríku í meira en hálfa öld höfðu kippt undan henni fótunum. Öll uppskera fjölskyldunnar var ónýt.

Í flóttamannabúðunum blöstu við henni ung börn. Þurrkarnir miklu höfðu bæst ofan á langvarandi átök í Sómalíu og á stuttum tíma voru flóttamannabúðirnar orðnar þær stærstu í heimi. Íbúafjöldi: 380.000. Meirihluti íbúa: Konur og börn.

Það flókna var að í nágrenni búðanna í Keníu ríkti líka neyð og það sama átti við um austurhluta Eþíópíu. Þurrkarnir höfðu valdið búsifjum á svæðinu öllu, auk þess sem verð á nauðsynjavöru hafði hækkað upp úr öllu valdi – allt að 200%.

**Ferð án enda**

Fyrir nokkrum dögum eignaðist unga konan lítinn dreng í flóttamannabúðunum. Sá litli hefur verið nefndur Ibrahim. Það er ekki einfalt fyrir Ibrahim að hafast við í tjaldi á opnu svæði þar sem sandrykið þyrlast stöðugt upp. En þarna fær hann þó umönnun. Mörg barnanna sem reynt hafa að flýja Sómalíu hafa dáið á leiðinni, uppgefin vegna alvarlegrar vannæringar.

Sandhraukarnir rétt utan við flóttamannabúðirnar eru sorgleg áminning um alvöru málsins. Þar eru þau grafin sem ekki komust lifandi á leiðarenda.

Ástandið í Austur-Afríku er það versta á svæðinu í fjölmörg ár. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, hefur þungar áhyggjur af lífi og velferð tveggja milljóna barna sem þjást af vannæringu. Hálf milljón þeirra er lífshættulega vannærð og þarf meðhöndlun þegar í stað. Með réttum aðferðum ná langflest barnanna sér á örfáum vikum. Án hennar verða þau auðveldlega fyrir varanlegu heilsutapi og þroskaskerðingu – eða látast.

Forgangsverkefni UNICEF er að koma þessum börnum til hjálpar. Einnig þarf að bólusetja börn og tryggja aðgang að hreinu vatni. Ódrykkjarhæft vatn getur valdið iðrasjúkdómum og vannærð börn eru útsett fyrir veikindum sem þau annars réðu við.

UNICEF á Íslandi óskar eftir stuðningi almennings vegna neyðaraðgerða samtakanna í Keníu, Sómalíu og Eþíópíu. Veita má söfnuninni liðsinni á síðunni www.unicef.is. Með skjótum viðbrögðum getum við komið þúsundum barna til aðstoðar á næstu vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Múgurinn spurður II




Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Ögmundur vill hafa flugvöll í Vatnsmýrinni. Hann má þó eiga það að þrátt fyrir þessa afstöðu þá hefur hann gefið hina misráðnu hugmynd um samgöngumiðstöð upp á bátinn. Það er líka gott að hann sé að leita raunhæfra lausna í málefnum flugstöðvarinnar, vonandi án þess negla flugvöllinn niður um of. Um ágæti hugmyndar Ögmundar varðandi þjóðaratkvæði um framtíð vallarins má þó deila.

Í síðustu viku birti ég grein um svokallaðar múgspurningar, það er að segja kosningar um tiltekin málefni sem stjórnmálamenn boða til í því skyni að firra sig ábyrgð eða styrkja eigin málefnastöðu. Tillaga Ögmundar um atkvæðagreiðslu, meðal allra landsmanna, um hvort flugvöllurinn í Vatnsmýri eigi að fara eða vera, er í þessum flokki.

Henni er ætlað að styrkja málefnastöðu stjórnmálamanns. Það er nánast öruggt hver niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu yrði, við vitum hvað þeim sem líta á völlinn sem lífæð við höfuðborgina finnst um hann.

Innanríkisráðherra hefur alla burði til að berjast fyrir sínum stefnumálum. Það á jafnt við um baráttu hans gegn því að vegnotendur greiði fyrir vegnotkun sem og baráttu fyrir því flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri. Til þess að ná þessum hlutum fram þarf ráðherrann engin þjóðaratkvæði. Hann situr þegar á þingi og í ríkisstjórn. Meiri völd er vart hægt að hafa.

Raunar geymir saga flugvallarmálsins auðvitað aðra múgspurningu, en það var flugvallarkosningin fyrir ellefu árum. Því er auðvitað ekki að leyna að það var gaman að taka þátt í þeirri kosningu, og sérstaklega var nú skemmtilegt að vinna. Það er alltaf gaman að vinna. En það breytir því ekki að flugvallarkosningin var dæmigerð múgspurning. Hún var boðuð af stjórnmálamönnum í því skyni að styrkja eigin málstað og leysa eigin deilur. Niðurstaða hennar var ekki bindandi en þeir sem til hennar boðuðu létu sem hún byndi sig samt. Forvitnilegt er að vita hvað hefði gerst ef flugvallarsinnar hefðu unnið með örfáum atkvæðum en ekki öfugt. Líklegast hefði það sama gerst og gerst hefur. Lítið.

Túlkun stjórnmálamanna á þjóðarvilja er gjarnan yndislega valkvæð.

Innanríkisráðherra tekur þannig mark á því að þó nokkuð margir vilji lýsa því yfir í undirskriftasöfnun að þeir vilji ekki borga veggjöld.

Áratugsgömul kosning Reykvíkinga um reykvísk skipulagsmál virðist hins vegar ekki lengur telja.

Aukin þátttaka almennings í lýðræðislegum ákvörðunum ætti í sjálfu sér að vera fagnaðarefni, en búa ætti vel um hnútana í þeim málaflokki og hafa rammann skýran. Eiga undirskriftasafnanir að uppfylla einhver skilyrði? Hver á að krefjast þjóðaratkvæðis, stjórnmálamenn eða kjósendur?

Hvernig myndi raunverulegt beint lýðræði virka? Við gætum ímyndað okkur að hópur kjósenda tæki sig saman og skrifaði lög eða áskorun til þingsins um að banna veggjöld. Næði slíkur hópur nægilega mörgum undirskriftum gæti hann lagt slíkar tillögur fyrir Alþingi og þar myndu þingmenn styðja þær eða fella og bera á því pólitíska ábyrgð.

Sé gengið lengra mætti jafnvel ímynda sér að tækist að safna nægilega mörgum undirskriftum færi málið í þjóðaratkvæði. Hagsmunasamtök bifreiðaeigenda gætu þá lagt til að sett væri í lög að „óheimilt væri að fjármagna vegagerð með vegjöldum“, slíkri tillögu myndu fylgja ítarlegar skýringar á afleiðingum hennar, kostum og göllum. Það myndi þá liggja fyrir að slíkt bann við innheimtu veggjalda þýddi annaðhvort að arðbærar vegaframkvæmdir myndu frestast eða að bensínskattar þyrftu að hækka til þess að þær næðu fram að ganga. Væri meirihluti kjósenda til í að taka slíka upplýsta ákvörðun þá yrði maður bara að una því. En slíkt ferli myndi kalla á meiri undirbúning og yfirvegun og yrði þannig marktækara en undirskriftarsöfnun um að vilja ekki borga fyrir það sem nú er ókeypis.

Ýmislegt mætti gera til að auka veg beins lýðræðis á Íslandi, vilji menn það. Stjórnmálamaður sem vill fjölga möguleikum kjósenda á að þvælast fyrir sér getur hæglega lagt sig fram við að búa verði til umgjörð um slíkt. Það er hins vegar allt annað en þegar menn leggja til múgspurningar til að styrkja eigin málstað. Og bæta síðan við að þeir geri það af einskærri lýðræðisást.







# tímamót

timamot@frettabladid.is



**50 FOREST WHITAKER** leikari er fimmtugur.

*„Sem leikari hef ég ávallt leitast við að túlka persónur sem hjálpa mér að skilja og tengjast öðrum betur.“*

---

†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Bjarnason**
vélfræðingur,
Roðasölum 1, Kópavogi,

lést að heimili sínu 13. júlí sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jörundur H. Ragnarsson**
**Vilhjálmur Ragnarsson**
**Gunnar H. Ragnarsson** **Edda Hinriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Skarphéðins Sigurðssonar**
Úlfsbæ, Bárðardal.

Sérstakar þakkir fær það yndislega fólk sem stoppaði hjá mér á Holtavörðuheiði 26. júní.

**Guðrún Herbertsdóttir**
**Grétar H. Skarphéðinsson**
**Sigurður Skarphéðinsson** **Áslaug Kristjánsdóttir**
**Kristján Skarphéðinsson**
**Líney H. Skarphéðinsdóttir** **Þorvaldur Þórisson**
**Hulda E. Skarphéðinsdóttir** **Ingólfur Víðir Ingólfsson**
**Magnús Skarphéðinsson** **Sigurlína Tryggvadóttir**
**Ásta Skarphéðinsdóttir** **Thorsten Werner**
**og afabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

**Ingibjargar Jónasdóttur**
Grandavegi 47.

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu hana í veikindum hennar.

**Anna Þóra Björnsdóttir** **Gylfi Björnsson**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Árni Rafnsson**
**Svava Hjaltadóttir**
**Guðný Jónasdóttir** **Jónas Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, systur og frænku,*

**Antoníu Marsibil Lýðsdóttur**
Skálateigi 7, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar LSH í Fossvogi, starfsfólks Karolinska sjúkrahússins í Stokkhólmi og lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir sérstaklega góða umönnun í veikindum hennar.

**Sigurður Hermannsson**
**Kristín Sigurðardóttir**
**Erla G. Sigurðardóttir** **Jakob Yngvason**
**Sigurður Yngvi Jakobsson**
**Kristófer Anton Jakobsson**
**Elín M. Lýðsdóttir** **Atli Sturluson**
**Steinunn Atladóttir**
**Arndís Atladóttir**

---



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Viggó J. Nordquist**
verkstjóri,
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

áður til heimilis að Skipagötu 15, Ísafirði, andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 10. júlí. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Kristjana Valgerður Jónsdóttir**
**Sigrún Viggósdóttir** **Páll Gunnar Loftsson**
**Kristján Viggósson** **Erna Guðmundsdóttir**
**Vilberg Viggósson** **Ágota Joó**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, amma, systir og frænka,*

**Ragnheiður Brynjúlfsdóttir**
viðskiptafræðingur,
Bleikargróf 11, Reykjavík,

lést á blóðlækningadeild Landspítalans við Hringbraut, mánudaginn 4. júlí sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju í dag, föstudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Smári Grímsson**
**Sigrún Elsa Smáradóttir** **Vilhjálmur Goði Friðriksson**
**Sigríður Bríet Smáradóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Steinunn Lilja Smáradóttir** **Kristinn Már Matthíasson**
**Brynjúlfur Jónatansson**
**Smári Rúnar Róbertsson**
**Ragnheiður Anna Róbertsdóttir**
**Guðrún Gígja Vilhjálmsdóttir**
**Steinunn Erla Sigurðardóttir**
**systkini og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Ólafsdóttir**
síðast til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði,

andaðist þann 7. júlí sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Ingólfur Aðalsteinsson**
**Aðalsteinn Ingólfsson** **Janet S. Ingólfsson**
**Ólafur Örn Ingólfsson** **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Birgir Ingólfsson** **Auður Jónsdóttir**
**Ásrún Ingólfsdóttir** **Magnús Snæbjörnsson**
**Leifur Ingólfsson** **Lilja Möller**
**Atli Ingólfsson** **Þuríður Jónsdóttir**
**barnabörn, tengdabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Þorkelsson**
Efstasundi 28,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörkinni miðvikudaginn 13. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Anna Lísa Jóhannesdóttir**
**Þorkell P. Ólafsson** **Margrét Elíasdóttir**
**Ólafur H. Ólafsson** **Jóhanna K. Arndal**
**og barnabörn.**

---



**NIÐURRIF OG UPPBYGGING** Viðar Þorsteinsson vonar að Róttæki sumarháskólinn stuðli að þátttöku nemenda í baráttu fyrir jöfnuði.
MYND/ANNA GUNNARSDÓTTIR

RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN: Í GANG

# Boðar nýja og betri tíma

Róttæki sumarháskólinn er nýr og nokkuð óvenjulegur skóli sem tekur tímabundið til starfa í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut í næsta mánuði. Óhætt er að segja að skólinn beri nafn með rentu þar sem barátta fyrir efnahagslegu réttlæti, umhverfisvernd, femínisma, lýðræði og réttindum minnihlutahópa er á stefnuskránni.

Að sögn Viðars Þorsteinssonar, kennara við skólann, verður námið ekki eingöngu af bóklegum toga heldur er leitast við að tengja saman róttæka hugmyndafræði og aðgerðir. „Við sem að skólanum stöndum höfum kynnst í gegnum nám eða aktívisma og erum þarna hugsjónafólk í sjálfboðavinnu sem telur að gera þurfi róttækar breytingar til að koma á jöfnuði í samfélaginu. Okkar von er sú að með því að vekja nemendur skólans til vitundar um innviði þjóðfélagsins náum við í leiðinni að breyta viðhorfi þeirra og virkja þá til þátttöku í baráttu fyrir jöfnuði; að námið verði hvati að niðurrifi og uppbyggingu. Enda nauðsynlegt að skilja þjóðfélagið til að geta stundað pólitík.“

Viðar segir skólann vera opinn og lýðræðislegan vettvang þar sem fólk úr öllum þjóðfélagsþrepum getur komið, fræðst, skoðað og rætt saman á gagnrýninn og róttækan hátt um íslenskt samfélag og valdastrúktúra þess. Hann tekur fram að viðfangsefnið verði jafnframt hægt að nálgast út frá ýmsum fræðilegum sjónarmiðum, femínisma, anarkisma, marxisma og kynþátta- og þjóðernishyggju þar á meðal.

„Eða allt eftir því hvort viðkomandi hefur áhuga á að skoða hvernig konur eru kúgaðar af feðraveldinu eða hvernig kynþáttahyggja birtist í utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar svo dæmi séu tekin,“ segir Viðar, sem ætlar sjálfur að taka fyrir helstu atriði í gagnrýni Karls Marx og Friedrichs Engels á kapítalískt hagkerfi. „Enda virðast þessar hugmyndir enn eiga fullt erindi þar sem hér hafa litlar breytingar orðið hvað sem hruni og eftirhreytum þess líður.“

Hvernig fer kennslan fram? „Námskeiðin eru sett saman úr námsstofum sem að jafnaði hafa hver sinn umsjónarmann,“ lýsir Viðar. „Eitt námskeið getur þannig verið sett saman úr tveimur eða þremur námsstofum í umsjón ólíkra einstaklinga og þeim raðað saman eftir skyldleika umfjöllunarefna. Engin krafa er gerð um að einstaklingur sitji allar námsstofur í hverju námskeiði og er hverri skipt upp í fyrirlestra og umræður eftir hentugleikum.“

Skólinn verður starfræktur dagana 8. til 13. ágúst. Þátttökugjalds og menntunar er ekki krafist. Hægt er að skrá sig í skólann á Facebook eða með því að senda tölvupóst á sumarhaskolinn@gmail.com. roald@frettabladid.is

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Hólmfríður Kristjana Eyjólfsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi miðvikudaginn 13. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eyjólfur Jónsson** **Vilborg Guðmundsdóttir**
**Björg Jónsdóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Magnús Jónsson** **Margrét Berta Þórisdóttir**
**Einar Jónsson** **Jensína Ragna Ingimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri** efnir til Farmal-fagnaðar á Hvanneyri á morgun. Tilgangurinn er að kynna þætti úr tæknisögu landbúnaðarins. Það er meðal annars gert með með sýningum á forndráttarvélum í eigu safnsins en ekki síður með því að sýna vélar í eigu áhugamanna.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



# Grrrrrillandi gott!

Grillhúsið



**Grilluð nautalund** kr. 3.590

Lungamjúk 200 g nautalund borin fram með rótargrænmetisturni, salati og piparsósu.

Grilled beef tenderloin served with vegetable tower, salad and pepper sauce.



**Grillað lamba rib-eye** kr. 2.790

Ekta útileguréttur! Safarík lamba rib-eye steik borin fram með paprikutríói, kartöflusalati og tzatziki sósu.

Grilled rib-eye of Icelandic lamb served with pepper trio, potato salad and tzatziki dressing.



**Grískur lambakjötsborgari** kr. 1.490

Einstaklega safaríkur lambakjötsborgari með fersku salati, tómötum, rauðlauki og grískri tzatziki sósu í ciabatta brauði. Borinn fram með frönskum kartöflum.

Lamb meat burger Greek style with mixed salad, tomatoes, red onion and tzatziki sauce in a ciabatta bread. Served with french fries.



**Sumarsalat** kr. 1.450

Brakandi ferskt blandað salat með ferskum jarðarberjum, kiwi, cantalópu- melónu og bragðmikilli salatdressingu.

Fresh salad mixed with strawberries, kiwi and cantaloupe melon and tasty salad dressing.



Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, www.grillhusid.is


Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumaður Hörpudisksins, útbýr kræsingar á ferðalögum.

# Samloka í ferðalagið



FRÉTTABLAÐIÐ/BJARNI

Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumaður Hörpudisksins í Hörpunni, nývígðu tónlistarhúsi landsmanna, brá sér hringveginn með fjölskyldu sinni á dögunum og hafði með sér gott nesti og hráefni til að geta útbúið eigin kræsingar víðs vegar um landið, í rjóðrum, á tjaldstæðum og í bústað. Hann notaði tækifærið og kvikmyndaði matseldina með eigin tökubúnaði í leiðinni en fyrstu myndböndin hafa birst á vefmiðlinum freisting.is sem og á heimasíðu Bjarna, bjarni.123.is, þar sem hægt er að skoða þau endurgjaldslaust.

„Ef mann langar að ferðast um landið en er ekki aðdáandi vegabúlluborgara og leggur upp úr hollum matseðli fyrir börnin er eiginlega nauðsyn að skipuleggja sig og gera ráð fyrir að útbúa matinn að mestu leyti sjálfur," segir Bjarni og bætir við að hvað ferðamatseld varðar sé einfalt yfirleitt betra en flókið.

## BAGUETTE SAMLOKA

med camembert, papriku og peru **FYRIR FJÓRA**

2 stk. fínt baguette
1 stk. hvítmygluostur, til dæmis camembert, skorinn í þunnar sneiðar
1 rauð paprika
1 pera, skorin í þunnar sneiðar
Safi úr hálfri sítrónu
Ögn af ólífuolíu
Salt og pipar eftir smekk

*Skerið baguette-brauðin í tvennt og skerið þau svo í sundur í miðju. Leggið helminginn af camembert-sneiðunum á annan helminginn. Penslið perusneiðarnar með sítrónusafa og leggið þær ofan á ostinn. Kryddið með salti og pipar og dreypið ólífuolíu yfir. Setjið paprikusneiðar því næst ofan á og afganginn af camembert-ostinum efst. Setjið hinn brauðhlutann ofan á. Gott er að snöggsteikja paprikur og setja í sultukrukkur fyrir ferðalagið og geyma í kæliboxinu.*



„Það er hægt að gera ýmislegt áður en lagt er af stað, svo sem orkustykki og smákökur, sem þurfa ekki kælingu. Svo er auðvelt að stoppa í matvöruverslun og fá nýtt brauð og álegg ef ferðast á í marga daga og það getur verið gaman að breyta ferðalaginu í matarferðalag með því að sigta út bændamarkaði og slíkt."

Bjarni mælir með að ferðalangar séu með fullt af einnota þurrkum með sér, plast- og alvöru diska og hnífapör sem hægt er að þvo á næsta áningarstað. Einnig sé mikilvægt að vera með sótthreinsandi einnota bréf til að hreinsa hendur. Bjarni útbjó samloku, sem er fyrirtaks ferðamatur að hans mati.

*juliam@frettabladid.is*




fyrir tvo eða fleiri

# Sumar tilboð

fyrir tvo
3590 krónur
1795 kr. á mann

Ristaðar eggjanúðlur með karrý og edamame baunum
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt með Panda orange sósu, hrísgrjón
2 x 0,5l Appelsín

Taktu þátt í facebook leik Nings og Appelsín og þú getur unnið garðveislu frá Nings

Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís

1991-2011 20 ára

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

ALLIR
SANDALAR
Á 7.800 KR.
Í GYLLTA KETTINUM



OPIÐ ALLA DAGA!!!

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8–10 • SÍMI 534 0005



**Hlaupahátíðin á Vestfjörðum** verður haldin um helgina. Boðið verður upp á Óshlíðarhlaup, Vesturgötu, hjólreiðar, sjósund og þriggja daga þríþraut.





Jóhann Freyr í Heiðarsstofu Mótorhjólasafnsins að Krókeyri 2. Hann tók á móti gestum Hjóladaga 2011 á safninu í gærkveldi og bauð upp á vöfflur. MYND/HEIDA.IS

# Hér er allt gert af ástríðu

**Margir glæstir mótorfákar eru á götum Akureyrar um þessa helgi því þar standa yfir Hjóladagar 2011. Jóhann Freyr Jónsson tekur þátt í þeim, bæði sem einstaklingur og safnstjóri Mótorhjólasafns Íslands.**

Spyrnt verður á sporthjólum, hippum, fornhjólum, krossurum og vespum á Akureyri síðdegis í dag að afloknum hópakstri í Samgönguminjasafnið að Ystafelli. Hvort tveggja er á dagskrá Hjóladaga 2011 sem lýkur með veislu og dansleik í Sjallanum á morgun með Sniglabandinu og Myrká.

Mótorhjólaklúbburinn Tían heldur utan um Hjóladagana. Tían er líka hollvinafélag Mótorhjólasafns Íslands sem var opnað á Akureyri í byrjun sumars og á mörg fágæt hjól og fjölda mynda. „Hér eru hjól sem erfitt er að finna í dag og eru í raun einstök,“ segir safnvörðurinn Jóhann Freyr og bendir á eitt sem innan við tíu eintök eru til af í heiminum og annað með framleiðslunúmerið 9 af þeim 60 sem framleidd voru í sérútgáfu árið 1975.

Mótorhjólasafnið var byggt í minningu Akureyringsins Heiðars Þ. Jóhannssonar sem lést sumarið 2006 í hörmulegu bifhjólaslysi. Hann hafði dreymt um að opna safn enda átti hann mörg merkileg hjól og hluti tengda þeim og sérstök deild er helguð gripum hans.

„Bræður Heiðars hafa líka verið rausnarlegir við okkur og flutt inn mörg sjaldgæf hjól til að gefa safninu. Hér er allt gert af ástríðu,“ tekur Jóhann Freyr fram og segir sýningargripina til dæmis handpússaða með Mjallarbóni. Sjá www.motorhjolasafn.is *gun@frettabladid.is*



Harley Davidson Flathead WLC, árgerð 1942 er einstakt hjól, gefið af Guðmundi Jóhannssyni. MYND/JÓN PÁLL VILHELMSSON



Tréhjól að fyrirmyndinni Úral, gefið af hópi listamanna sem kalla sig Einstakir. Þeir eru Þórarinn Sigvaldason, Stefán Ívar Ívarsson, Jón Adolf Steinólfsson, Sigurþór Stefánsson, Gunnar Örn Sigurðsson og Örvar Franz Sigurðsson. MYND/GUN

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




GÆÐAFISKUR

**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 15. júlí 2011



## GALAXIES

### Védís Vandíta og Magdalena Dubik stofnuðu óvart hljómsveit

- Reykjavík Runway
- Á rúmstokknum
- Yfirheyrslan


FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Aspire 5742-384G32MN


- 2.53GHz Intel Core i3-380M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA LED CineCrystal skjár
- 128MB Intel HD Graphics skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium - 64-BIT

TILBOÐ

Kr. 87.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna
✻ Njótið lífsins

**ENDIST OG ENDIST** Quick Eyes Cream Shadow-augnskugginn frá Clinique er auðveldur í notkun, jafnvel auðveldari en venjulegur augnskuggi, og helst á út daginn. Augnskugginn er sérstaklega góður fyrir hlýja sumardaga því hann sest ekki í hrukkurnar.




## blogg vikunnar

### Dazed and Confused bloggar

Vefsíða breska tímaritsins Dazed and Confused Magazine birtir fréttir og skemmtilegar staðreyndir um tísku, tónlist, ljósmyndir, kvikmyndir og menningu ásamt því að blogga á vefslóðinni www.dazeddigital.com/blog. Þar birta pennar blaðsins fréttir, hugmyndir og segja frá atburðum sem gaman er að vita um og hefur áhrif á efni næsta tölublaðs tímaritsins. Einnig er gaman að vita að Saga Sig, ljósmyndari, hefur tekið myndir fyrir vefsíðuna.



### Ljósmyndir og litadýrð

Orðtakið „mynd segir meira en þúsund orð“ á vel við íslensku bloggsíðuna www.augna-blik.blogspot.com, en aðalefni hennar eru fallegar ljósmyndir úr lífi og umhverfi bloggarans Kolfinnu Mjallar. Síðan er uppfærð mjög reglulega og því er hægt að líta við nánast daglega í leit að hugmyndum, innblæstri eða bara til þess að dáðst að vel teknum



REYKJAVÍK RUNWAY STYÐUR VIÐ BAKIÐ Á ÍSLENSKUM HÖNNUÐUM:

# KOMA HÖNNUÐUM ÁFRAM

Reykjavik Runway er íslenskt tískufyrirtæki sem stendur á bak við hönnunarkeppni sem fram fer um miðjan ágúst. Markmið Reykjavík Runway er að koma íslenskum fatahönnuðum á markað og búa hönnuðina undir alþjóðlega markaðssetningu.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Runway, segir hugmyndina að fyrirtækinu hafa kviknað þegar hún starfaði sem framkvæmdastjóri í Hugmyndahúsi háskólanna og rak vinnusmiðjur fyrir fatahönnuði. „Hugmyndahúsið var komið af stað með rekstrarverkefni fyrir fatahönnuði þegar það lokaði og ég ákvað að taka það áfram því tækifærið var of dýrmætt til að sleppa því. Ég prjónaði síðan fatahönnunarkeppni saman við verkefnið til að gera þetta enn skemmtilegra,“ útskýrir hún.

Fjórir hönnuðir eru komnir í úrslit í keppninni og eru það þær Eygló Margrét Lárusdóttir, Harpa Einarsdóttir, Sólveig og Edda Guðmundsdætur, og Rosa Denise Winther Denison og Bryndís Þorsteinsdóttir. Sigurvegarinn fær samning við Reykjavik Runway þar sem haldið er áfram að vinna að uppbyggingu tískumerkisins. Reykjavík Runway hefur í tvígang farið með hönnuði á tískuvikuna í New York, fyrst með Royal Extreme og síðar með Helicopter og REY í febrúar síðastliðnum. „Ég hlakka mikið til að halda áfram uppbyggingu fatahönnunar með öllu því góða fólki og þeirri þekkingu sem orðin er hér á landi.“ segir Ingibjörg.

Úrslitakvöld keppninnar verður 18. ágúst og fer fram í Hafnarhúsinu. - sm



**Styður við hönnun** Reykjavík Runway styður við bakið á íslenskum hönnuðum. Frá vinstri eru Helgi Mogens, Ingibjörg Gréta, Berglind Sigurðardóttir og Halla S. Margrétardóttir Haugen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Garðveisla Félags tónskálda og textahöfunda:

# Djammað í Hljómskálagarði

Árleg garðveisla Félags tónskálda og textahöfunda fer fram í Hljómskálagarðinum í kvöld. Lagahöfundur síðasta árs, Jónas Sigurðsson, mun stíga á stokk ásamt Ritvélum framtíðarinnar og dúettinum Song for Wendy.

Garðveislan hefur verið árlegur viðburði frá árinu 2008 þegar FTT fagnaði tuttugu og fimm ára afmæli sínu og fyrsta „útrásarlaginu“ Garden Party með hljómsveitinni Mezzoforte. Síðan þá hafa sveitir á borð við Megas og Senuþjófana, Möggu Stínu og Hjálma troðið upp í Garðveislunni við góðar undirtektir áheyrenda.

Tónleikarnir eru opnir öllum og hefjast stundvíslega klukkan 21.15 í kvöld.



## augnablikið



**ROKK OG RÓL** Fyrirsætan Alice Dellal náðist á filmu þegar hún mátaði hatta á markaði í London. Stúlkan er með sinn eigin stíl og er óhrædd við að fara ótroðnar slóðir í þeim efnum. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
ÚTSALA
ÁÐUR: 29.900.-
Nú 17.940.-
40%
30%
ÁÐUR: 129.000.-
NÚ: 90.930.-
SERÍUR
MIKIÐ ÚRVAL
BORÐ OG 6 STÓLAR VERÐ ÁÐUR: 194.300.-
NÚ: 124.070.-
ÞÚ SPARAR
70.000.-
FULLT VERÐ:
39.900.-
TILBOÐ:
19.950.-
ÞÚ SPARAR
20.000.-
FULLT VERÐ:
29.900.-
TILBOÐ:
19.900.-
PURE SNYRTIVÖRURNAR - ÁN PARABENA
NÚ FRÁ: 343.-
30%
50%
ÁÐUR: 11.900.-
Nú 5.950.-
HRINDA FRÁ
SÉR VATNI
FRANKA ÚTISETT
MEÐ PÚLLUM
40%
ÚTISESSUR OG PÚÐAR
NÚ FRÁ: 833.-
the PIER
ÁÐUR: 89.900.-
NÚ: 53.940.-
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# FENGU TÓNLISTINA Í VÖGGU

**Magdalena Dubik og Védís Vantída Guðmundsdóttir mynda saman dúettinn Galaxies. Þær komu fram í keppninni um Ungfrú Ísland og vöktu mikla lukku meðal áhorfenda.**

*Viðtal:* Sara McMahon

*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson

Magdalena og Védís þekktust ekkert áður en dúettinn var myndaður á síðasta ári en segjast ná vel saman þrátt fyrir að vera ólíkar. Þær eiga það þó sameiginlegt að eiga rætur að rekja til annarra landa, Magdalena til Póllands og Védís til Taílands.

**Magdalena:** Foreldrar mínir eru báðir pólskir en ég er uppalin á Íslandi og hef aldrei litið á mig sem annað en Íslending. Við systkinin tölum saman á íslensku en tölum alltaf pólsku við foreldra okkar og erum þess vegna jafnvíg á bæði tungumálin. Mamma og pabbi lögðu ríka áherslu á að við lærðum pólskuna almennilega því þau vildu að við ættum þann möguleika að flytja þangað aftur. Við eyddum líka öllum sumrum í Póllandi og stundum var ég send þangað eftir að skólanum lauk hér heima til að klára skólaárið þar, sem mér fannst pínu svekkjandi því ég átti þá styttra sumarfrí,“ segir hún og skellir upp úr.

**Védís:** „Pabbi minn er íslenskur en mamma er taílensk og kínversk. Ég lít á mig fyrst og fremst sem Íslending og hef bara einu sinni komið til Taílands, þá var ég mjög ung og man lítið eftir ferðinni. Það er þó alltaf á stefnuskránni að heimsækja aftur Taíland. Mamma var fyrsta taílenska konan sem flutti til Íslands, hún hafði aldrei komið út fyrir Bangkok þegar hún flutti yfir hálfan hnöttinn. Hún talaði ekki mikla taílensku við okkur systurnar þegar við vorum börn þannig ég tala tungumálið ekki reiprennandi en skil þó nokkuð í því.“

## TÓNLISTIN Í VÖGGUGJÖF

Stúlkurnar hófu tónlistarnám ungar að aldri og hafa ekki langt að sækja hæfileikana því foreldrar þeirra starfa sem tónlistarfólk.

**Védís:** „Pabbi var bæði organisti og skólastjóri Tónlistaskólans í Vestmannaeyjum, við systurnar vorum ekki nema dagsgamlar þegar hann byrjaði að spila tónstiga fyrir okkur, einn á dag. Þetta gerði hann þar til við vorum orðnar nógu gamlar til að geta tekið upp hljóðfæri sjálfar, þá vorum við komnar með ágætt tóneyra og tónlistarnámið okkur auðvelt,“ segir hún glaðlega.

**Magdalena:** Foreldrar mínir eru bæði í klassískri tónlist og kynntust í listaháskóla í Póllandi, pabbi er fiðluleikari og mamma óperusöngkona. Við systkinin vorum öll sett í tónlistarnám og ég byrjaði að læra á fiðlu hjá pabba sjö ára gömul. Svo var ég send í Suzuki-skólann, síðan í Nýja tónlistarskólann, í Tónlistarskóla Reykjavíkur og loks í þriggja ára nám til Þýskalands. Ég viðurkenni það alveg að oft á þessari leið langaði mig að hætta en af því mér gekk vel og náði góðum árangri hélt ég alltaf áfram. Þegar ég komst á menntaskólaaldurinn stóð valið á milli þess að fara í Ferðamálaskólann í Reykjavík og verða menntskælingur eða að halda áfram í tónlistinni. Ég stóð á hálfgerðum krossgötum en fékk óvænt tækifæri til að spila einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og mér fannst það vera tákn um að halda áfram í tónlistinni.“



**Galaxies** Védís Vandíta Guðmundsdóttir og Magdalena Dubik mynda saman dúettinn Galaxies. Stúlkurnar þekktust ekkert áður en sveitin va

*Allt í einu vorum við komnar með teymi í kringum þetta og það hefur virkað svona vel. Við vinnum öll vel saman og okkur finnst þetta ótrúlega skemmtilegt.“*

**Védís:** „Ég hugsaði það sama eftir stúdentinn. Ég var ekki viss um hvort ég vildi halda áfram í tónlist því áhugasviðið hefur ávalt verið breitt og því skráði ég mig í Ferðamálaskólann en uppgötvaði að ég þekkti ekkert annað en að hafa tónlistina í aðalhlutverki og ákvað því að halda áfram. Eftir það flutti ég til London þar sem að ég kláraði meistaragráðu í Performance Studies árið 2006. Ég fann að tónlistin var mitt „calling“ og nú starfa ég bæði sem kórstjóri og tónlistarkennari.“

## HUGMYND VARÐ AÐ HLJÓMSVEIT

Upphafið að Galaxies má rekja til opnunar skemmtistaðarins Esju við Austurstræti. Eigandi staðarins hafði samband við Védísi því hann vildi fá hana til að spila á opnunarkvöldi staðarins. Hugmyndin vatt upp á sig og úr varð dúettinn Galaxies.

**Védís:** „Upphaflega var hugmyndin sú að ég spilaði á flautu við tónlist frá plötusnúð en Gunnar Traustason, eigandi staðarins, stakk upp á því að ég fengi Magdalenu til liðs við mig. Mér leist vel á það og sendi henni póst sem hún svaraði ekki,“ segir hún og gýtur augum til Magdalenu.

**Magdalena:** „Pósturinn fór alveg fram hjá mér!“ segir hún afsakandi. „Védís hringdi svo í mig og mér fannst hugmyndin góð. Við ákváðum að taka lag sem ég hafði spilað í Ungfrú Ísland árinu áður og fengum svo rosalega góð viðbrögð frá áheyrendum að við ákváðum að endurtaka leikinn. Þetta þróaðist svo í Galaxies eftir að við hittum Valla sport og Örlyg Smára. Fyrst ætluðum við aðeins að leika á hljóðfæri, svona „instrumental“ popp, en sú hugmynd þróaðist og til varð lagið I Don‘t Want This Love eftir Örlyg Smára og Pétur Örn Guðmundsson.“

**Védís:** „Allt í einu vorum við komnar með teymi í kringum þetta og það hefur virkað svona vel. Við vinnum öll vel saman og okkur finnst þetta ótrúlega skemmtilegt.“

Stúlkurnar frumfluttu lagið I Don‘t Want This Love í keppninni um Ungfrú Ísland og vakti atriðið mikla athygli áhorfenda og þeirra sem heima sátu.

**Védís:** „Við frumfluttum lagið í beinni útsendingu og ég var frekar stressuð því ég hafði aldrei gert neitt þessu líkt áður. Ofan á það áttum við svo að klæðast einhverjum flottum búningum og dansa. Mér fannst þetta fullmikið og var því ansi stressuð.“

**Magdalena:** „Maður er orðinn sjóaður í því að koma fram og spila og hefur lært inn á sjálfan sig og hvernig best er að tækla stress. En ég viðurkenni að ég var mjög stressuð fyrir þetta. Ég hafði aldrei dansað á sviði áður og er ekki vön að syngja þannig ég vissi til dæmis ekkert hvernig röddin mundi bregðast við vegna stressins.“

Stúlkurnar eru um það bil að leggja lokahönd á annað lag og stefna á að halda áfram og sjá hvert það muni leiða þær. Framundan er FM 957 túr í haust þar sem þær munu flytja nýja lagið auk annarra laga, gangi lagasmíðarnar vel.

**Védís:** „Við erum báðar mjög spenntar fyrir framhaldinu, það er allt opið í þeim efnum. Það hafa komið upp ýmsar hugmyndir og við skoðum þær allar,“ segir hún brosandi.

## ÁSTIN BLÓMSTRAR

Stúlkurnar eru báðar fráteknar,


**20% afsláttur af öllum kjólum og sólgleraugum um helgina**



Kjóll m/ mynstri svartur og hvítur
6.990
stærðir s m l



Kjóll turkis með mynstri fæst líka appelsínugulur
7.990
stærðir s m l



Svartur kjóll með skrauti, fæst líka hvítur
7.490
stærðir s m l



Kjóll með mynstri fæst í mörgum litum
5.990
stærðir s m l og xl

SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17

# UGJÖF



rð til en talast nú við símleiðis oft á dag.

Magdalena gekk nýverið í það heilaga með Sævari Ómarssyni og Védís er í sambandi með fjölmiðlamanninum Sölva Tryggvasyni. Spurð út í stóra daginn segir Magdalena hann hafa verið góðan og að meðal annars hafi verið borin fram pólsk kássa, bigos, fyrir gesti sem þótti hún hið mesta lostæti.

**Magdalena:** „Þetta var skemmtilegur dagur. Mamma og pabbi spiluðu og sungu í athöfninni og Védís líka sem var æðislegt. Lífið hefur samt lítið breyst við þetta nema að núna geng ég með hring."

**Védís:** „Þetta var falleg athöfn og mér finnst mjög gaman að hafa fengið að taka þátt í henni. Núna má líka kalla hana frú Magdalenu," segir hún stríðnislega.

Innt út í samband sitt og Sölva segir Védís þau bæði mjög róleg og njóti þess mest að eyða kvöldum sínum heima. „Sölvi er frábær og við eigum ýmislegt sameiginlegt. Tíminn verður afstæður í góðu spjalli, en það er líka frábært að bæta við góðum félagsskap."

Aðspurðar segja þær makana báða mjög skilningsríka þegar kemur að tónlistinni og að þeir hafi stutt duglega við bakið á þeim.

**Magdalena:** „Við æfðum okkur mikið heima hjá mér þegar við vorum að undirbúa okkur fyrir Ungfrú Ísland og undir lokin var Sævar kominn með lagið á heilann og farinn að raula það stanslaust," segir hún og hlær.

## * mynda albúmið



Þessi mynd er tekin þegar ég spilaði í fyrsta sinn alvöru poppatriði á fiðluna.



Þarna er ég sjö ára að byrja að læra á fiðlu hjá pabba.



Þarna er ég um fimm ára gömul að spila á blokkflautu með Rósu systur og pabba á uppákomu á Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum um jól.



Ég að spila með Rósu systur á tónleikum sem hún hélt í New York árið 2008.


VEIÐIPORTIÐ

OPIÐ ALLA HELGINA

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16 | Opið á sunnudögum í júní, júlí og ágúst.

Jaxon slöngubátur

Frábærir upplásnir bátar með hörðum botni sem pakkast í tösku og smella í skottið á fjölskyldu bílnum ekkert kerru vesen ekkert vesen með að geyma yfir vetur. Pumpa og árar fylgja.

3 STÆRÐIR

290cm 259.000 kr.

320 cm 279.000 kr.

360 cm 299.000 kr.

CE vottaðir bátar og samþykktir af siglingastofnun. Léttir bátar sem þola allt að 20 hestafla mótor.

Frír Rafmagnsmótor fylgir sem er rúmt hestafl að vermæti 44.950 kr. Takmarkað magn

Visa raðgreiðslur til 36 mán.

Vaxtalaust Visa lán til 6 mánaða

FRÍTT



Sjóstangveiðisett

Gott 4 legu hjól með raðara, teljara og línu

200 - 400 gr.stöng + uppsettur slóði með pilk.

Verð 22.740 kr.

Tilboð 15.900 kr.

Tvíhendu tilboð. 20-30% afsláttur af öllum tvíhendusettum.

Sett frá Shimano, Lawson, Jaxon

frá 37.900 kr



Orginal tré devonar

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM DEVONUM ÞESSA HELGI

3 stærðir margir litir.

Verð 895 kr.

Laxinn neglir þetta örugglega



Hvergi betra verð á brass túpum

Aðeins 395 kr.

Spúnar í úrvali

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SPÚNUM ÞESSA HELGI

Flestir spúnar á 395 kr.

Taimen dömu vöðlur og skór

Góðar vöðlur sér hannaðar fyrir konur og léttir skór frá snowbee.

Verð 42.850 kr.

Tilboð 34.900 kr.

Barnaveiðisett



Stöng, lína, hjól, 2 flot, önglar, sigurnaglar, 1 spúnn og 10 silungaflugur.

Verð 4.990 kr.

Veiðivesti (börn) 3.990 kr.

Veiðihúfa 1.990 kr.

Taimen herra öndunarvöðlusett og góðir vöðluskór

Góðar 3 laga öndunarvöðlur með sandhlíf, belti og styrkingum á hnjám.

Verð 41.930 kr.

Tilboð 32.900 kr.

JAXON MISTRALL THE BEST FOR FISHING YUKON ADVANCED OPTICS Bushnell Scott SHIMANO ROBINSON Champions' Team




**Maternity er ný lína frá Oroblu**
sem var að koma á markað og eru meðgöngusokkabuxur sem styðja vel við maga, bak og fætur á meðgöngunni. Eru einstaklega þægilegar og veita góðan stuðning, sérstaklega þegar líða tekur á meðgönguna. Eru til í 40 denum í svörtum og nude litum eru því mjög fallegar með pilsum og kjólum, en henta einnig mjög vel undir buxur, leggings og litaðar sokkabuxur. Gerir ófrískum konum því mögulegt að klæðast hverju sem er og vera enn glæsilegri á meðgöngunni, ásamt því að auka vellíðan.




**Fjölmennt** Líkt og sjá má ríkti góð stemning á opnun Work Shop.

# FJÖLMENNT Á opnun Work Shop



**Stoltir hönnuðir** Hönnuðirnir Berglind Árnadóttir og Helga Lilja Magnúsdóttir ásamt föður Helgu Lilju. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**Góðir gestir** Eva og Nicola voru á meðal gesta og virtust hrifnar af því sem fyrir augu bar.

Opnun verslunarinnar Work Shop fór fram í síðustu viku og lögðu margir leið sína þangað til að berja dýrðina augum.

Hönnuðirnir Helga Lilja Magnúsdóttir og Berglind Árnadóttir reka saman verslunina og selja þar hönnun sína, en búðin verður aðeins starfrækt út ágústmánuð og því um eins konar sumarverslun að ræða. Af myndunum að dæma skemmtu hönnuðir og gestir sér vel saman á opnuninni. *-sm*



**Gleði og glaumur** Þær Selma og Auður Ösp ráku inn nefið og óskuðu stúlkunum til hamingju með verslunina.


Tékknesk gæði í hverjum dropa




Budweiser Budvar

LÉTTÖL

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA


## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Hræðumst ekki orðið „píka“

Ég hef átt ótal samræður um nafngiftir kynfæra, sér í lagi kynfæra stúlkna. Frumlegar nafngiftir hljóta að stafa af þeim hugsanahætti að „vernda“ þurfi blessuð börnin fyrir „dóna“orðum. Sum nöfn sem notuð eru yfir kynfæri eru undarlega skemmtileg, líkt og orðið „budda“, en önnur eru hálf móðgandi, líkt og heitið „rifa“.

Það þykir ekki smart að segja orðið „píka“ við litla telpu og því virðist „pjalla“ vera orðið rótgróið heiti yfir kvenkyns kynfæri fram að kynþroskaaldri. Strákar eru aftur á móti með „typpi“. Þeir fæðast með „typpi“ og eru alltaf með „typpi“. Sumar fjölskyldur setja orðið í krúttbúning með því að kalla kynfærið til dæmis „pippa“ og ætli það sé þá ekki svarið við „pjöllunni“. En hjá flestum heyrist mér „typpi“ bara vera „typpi“.



Ég hef ítrekað opnað þessar umræður í góðum hópi og alltaf eru svörin jafn fjölbreytt og umræðurnar heitar. Þetta er eins og að opna kistil Pandóru. Kannski er það vegna þess að í móðurmálinu okkar er ekkert beint formlegt réttnefni yfir kynfæri stúlku sem fólk hefur tamið sér að nota því orðið „sköp“ hefur alls ekki náð að festa sig í sessi. Það virðist vera einhver feimni við að nota orðið „píka“. Kannski vegna þess að það er notað sem niðrandi lýsingarorð yfir stúlkur. Það að vera kölluð „píka“ er ekki hrós og er nánast blótsyrði, í það minnsta samkvæmt mínum skilningi á notkun orðsins. Það öskrar enginn „typpi“ á eftir einhverjum á skólalóðinni í von um að særa viðkomandi. Það er frekar að strákar hrósi hver öðrum og heilsi sérstaklega kynfærum hver annars, „hvað segir pungurinn gott í dag?“ Er ekki undarlegt að það skuli vera særandi að kalla einhvern kynfæri?

Enn í dag segi ég orðið „píka“ í hálfum hljóðum til að valda viðmælanda mínum ekki taugatitringi eða særa blygðunarkennd hans. Allt tengist þetta sjálfsmynd manna og ætli það sé ekki heila málið í þessu? Kynfærin eiga ekki að vera skoðuð út frá því hvort þau séu ljót eða falleg, bæði hafa þau einstaklingsbundið útlit og eru eins og þau eru.

Því meira sem ég pæli í því, því hentugra finnst mér orðið „píka“. Við þurfum bara að æfa okkur í að segja það og draga úr Voldemort-hræðslunni því hræðsla við orð eykur bara þá neikvæðu dulúð sem umlykur það. Koma svo, segið það með mér, píka, píka, píka …

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
*Netfangið er kynlif@frettabladid.is*


NAOMI
CAMPBELL
Wild Pearl
Just Beautiful
NC
NAOMI
CAMPBELL
Wild
Pearl
Wild
Pearl
NAOMI
CAMPBELL
50 ml ℮ 1.6 FL. OZ.
THE NEW FRAGRANCE



## YFIRHEYRSLAN

**Gunnhildur Melsted, meðlimur í rannsóknarhópnum Borghildi sem rannsakar mannlíf og manngerð umhverfi.**

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Bæði betra, fer eftir stemningu og stað.




**Ómissandi í snyrtibuddunni:** Það er rakakrem og sólarpúður.

**Uppáhaldsliturinn:** Það er blár.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Stuttbuxur sem ég keypti í Spúútnik.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Nýtt hjól með körfu og Sankti Bernharðs hund.



**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** This Must Be the Place með Talking Heads.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Comme des Garcons, Alexander Wang, Kalda og Ray and Charles Eames.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Það er ískaffi.





# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins hjá fólkinu í landinu. Til dæmis lesa rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 72,2% | 60,2% | Fréttablaðið | 75,2% | 61,3% |
| Morgunblaðið | 25,7% | 25,2% | Morgunblaðið | 32,8% | 31,7% |
| DV | 9,9% | 10,6% | DV | 12,4% | 13,0% |
| Fréttatíminn | 48,3% | 36,2% | Fréttatíminn | 53,9% | 40,4% |
| Finnur.is | 27,5% | 20,2% | Finnur.is | 35,3% | 26,6% |
| Monitor | 23,6% | 22,2% | Monitor | 26,3% | 25,0% |
| Viðskiptablaðið | 10,5% | 9,0% | Viðskiptablaðið | 12,0% | 10,2% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.






Allt sem þú þarft...

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Fylgstu með

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykrja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Járn iðnaðarvélar til sölu. http://bg.is/tilsolu/ 897-9161, plötusax, rennibekkur, fjöllokkur ofl. ofl. 897-9161.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

Tertuskraut.is

**Opið hús**
**Dagana 16 -19 júlí**
**Að Álfheimum 2**
**Laugardaga - Sunnudaga milli 10 - 18**
**Mánudaga - þriðjudaga milli 15 - 18**

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Flug



Flugskóli Íslands býður upp á kynningarflug alla daga Upplysingar í síma 825 1500.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Gullfallegir hreinræktaðir rottweiler hvolpar til sölu. Afhendast heilsufarsskoðaðir, örmerktir og með ættbók. Uppl s. 662 3860.



Yndislegir papillonhvolpar óska eftir framtíðarheimili, fjórir 9 vikna rakkar tilbúnir til afhendingar. Með ættbók frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Upplýsingar í s- 4866034, á www.123.is/hlidar og hlidgnup@hotmail.com.

## Til sölu



Plastbátur til sölu

VÍS hefur plastbát sem sökk til sölu. Báturinn selst í núverandi ástandi. Hægt er að kynna sér bátinn í skoðunarstöð VÍS á Smiðshöfði 3-5, 110 Reykjavík milli kl. 10:00 og 16:00 virka daga. Einnig undir „Uppboð“ á **www.vis.is**. Báturinn er seldur í útboðskerfi VÍS og er opið er fyrir tilboð frá kl. 12:00 fimmtudaginn 14. júlí til kl. 13:00 fimmtudaginn 21. júlí. Lágmarksboð er 3,5 milljónir.

Vátryggingafélag Íslands hf. | Sími 560 5000 | vis.is

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 695 1918.

Til leigu heilsárshús á Skáni í Svíþjóð. 60km frá Kaupmannahöfn. Uppl. í síma 894 3293.

## Húsnæði óskast

Kona með tvö börn óe 3. herb. íbúð, helst í nágr. við HÍ. Hámark 130þús. S. 695 3991.

## Sumarbústaðir

Til sölu sumarhús við Jötnagarðsás 6 Munaðarnesi u.þ.b. 2 km frá Baulunni. Verður til sýnis á laugardag og sunnudag. S. 8958019 og 8479377.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

**Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.**

## Tilkynningar

**Kvartmílukvöld Mercedes Benz klúbbs Íslands**

Föstudagskvöldið 15. júlí kl. 19:00 í samstarfi við Kvartmíluklúbbinn. Allir MERCEDES-BENZ bílar eru velkomnir í boði Mercedes-Benz klúbbsins, það kostar ekkert inn á svæðið og brautin er ekin án gjalds. Það verða bara Benzar leyfðir á brautina þetta kvöld, fjölmennum og tökum góða spretti á brautinni.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.stjarna.is eða á Facebook síðu klúbbsins.**




Fjallabyggð

**Auglýsing um deiliskipulagstillögu**

**Hornbrekkubót, verslunar- og þjónustusvæði, Ólafsfjarðarvatni**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hornbrekkubót, verslunar- og þjónustusvæði, Ólafsfjarðarvatni, auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er u.þ.b. 1,5 ha lands og afmarkast af Bylgjubyggð í norðri, Ólafsfjarðarvegi eystri í austri, raðhúsabyggð í vestri og Ólafsfjarðarvatni í suðri. Vegtenging er að svæðinu frá Bylgjubyggð. Skipulagið gerir ráð fyrir 8 húsum, sem eru byggð nú þegar. Húsin eru nýtt til útleigu og er aðgengi að Ólafsfjarðarvatni og opnu grænu svæði til sérstakra nota.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði og Ólafsvegi 4 í Ólafsfirði frá og með föstudeginum 15. júlí til og með fimmtudeginum 25. ágúst 2011. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins - www.fjallabyggd.is -

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skipulags- og umhverfisnefnd eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 25. ágúst 2011.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Bæjarstjóri Fjallabyggðar**

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**

**Veitingahús Nings óskar eftir starfsfólki - vaktstjóra í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

Óskum eftir vönum grillara, viðkomandi þarf að hafa reynslu og vera mjög áhugasamur um eldamennsku. Um er að ræða fullt starf. Umsóknir sendist á glaesibaer@saffran.is

Starfsfólk óskast í sal, bæði í fulla vinnu og í hlutastarf. Reynsla af þjónustustörfum æskileg. Umsóknir sendist á glaesibaer@saffran.is

**Bakari**
Bakari óskast til starfa í nýtt bakarí í Grafarvogi, Hverafold 1-3. Upplýsingar gefur Svanur í s: 8683886 eða á staðnum. Svansbakarí ehf.

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

## Fasteignir

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

**Birkiás 7 Garðabæ**
**Opið hús í dag á milli 17:30 og 18:30**





**Vorum að fá í sölu stórglæsilegt endaraðhús með innbyggðum bílskúr.**
Þrjú herbergi. Allar innréttingar eru arkitektateiknaðar og sérsmíðaðar hjá Trésmiðjunni Borg. Stór hellulögð innkeyrsla og verönd í skjólsælum suður garði. Parket og náttúrusteinn er á gólfum.
**Verð 49,9 millj.**

**Ásmundur Skeggjason fasteignasali tekur vel á móti gestum á milli kl. 17:30 og 18:30 í dag.**
**Nánari uppl. Í síma: 895 3000.**

Orkuveita Reykjavíkur

**TIL SÖLU**
**Ef viðunandi tilboð fæst:**



**Rafstöðvarvegur 9 í Elliðaárdal**

**Fastanúmer 204-4091 og 201-4091**
Um er að ræða húsnæði sem byggt var á árinu 1968 auk glerskála sem byggður var 2007.
Samtals 1618,6 fm atvinnuhúsnæði á besta stað í Elliðaárdal í Reykjavík.
Húsið er á 2 hæðum auk kjallara og 200 fm glerskála.

Lóðin er samtals 8400 fm og er hún sameiginleg með Fornbílaklúbbnum.

Auðvelt er að skipta húsinu upp í nokkra rekstrareiningar.

Húseignin verður til afhendingar nýjum eiganda 15. september 2011.

Kvaðir eru á lóðinni um lagnir, strengi og búnað OR.

Kauptilboðsblað og sölulýsingu er hægt að sækja á vefsíðu Orkuveitunnar http://www.or.is/UmOR/Eignasala/
Húsnæðið verður til sýnis áhugasömum kaupendum eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefa eftirfarandi starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur:
Hannes Frímann Sigurðsson í síma 516-6690
Ólafur Þór Leifsson í síma 516-6334

Kauptilboðum skal skila á móttökuborð í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn 17. ágúst 2011.

ORES-2011-05-01.



4 MANNA TJALD

**10.990**




FRÁBÆRT VERÐ!

1500 mm

4,00 kg

**ALP tjald**
Gott 4 manna tjald með álhúðuðu polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Þéttleiki: 1500 mm/cm². Stærð: (210+200) x 240 x 130 sm. Þyngd: 4,0 kg.

VERÐ FRÁ:

**1.895**




FRÁBÆRT VERÐ!

**Velour vindsængur**
Stærð: 76 x 191 x 22 sm. **1.895,-**
Stærð: 137 x 191 x 22 sm. **3.295,-**
Stærð: 152 x 201 x 22 sm. **4.495,-**
Stærð: 183 x 201 x 22 sm. **4.995,-**

SVEFNPOKAR VERÐ FRÁ:

**1.695**



ÚRVAL SVEFNPOKA Á FRÁBÆRU VERÐI!

EASY UP SÓLTJALD

**11.990**



AUKAHLIÐ 1.995



**EASY UP sóltjald**
Flott, dökkgrátt sólhýsi. Hægt að kaupa stakar hliðar. Sólhýsið leggst auðveldlega saman og tekur lítið pláss. Stærð: B3 x L3 metrar. Aukahlið **1.995,-**

**Sumarsængur**
Léttar og þægilegar sumarsængur í flottum, sumarlegum litum. Tilvaldar í sumarbústaðinn eða í útileguna! Stærð: 135 x 200 sm.



FRÁBÆRT VERÐ!

SUMARSÆNG

**1.995**

JUMBO RÚLLA

**595**




**JUMBO rúlla**
Góð, alhliða pappírsrúlla til að hafa í bílnum eða bara hvar sem er. 400 blöð. Frábært verð!

**Bílsessa**
Góð bílsessa fáanleg í nokkrum litum. Fyrir 15 - 36 kg.



BÍLSESSA

**1.995**



SPARIÐ 6.000

**NEOPREN vöðlur**
Sterkar og góðar NEOPREN vöðlur. Breið og þægileg axlabönd, styrkingar á hnjám, áföst stígvél með góðum sóla. Stór og góður brjóstvasi með frönskum rennilás. Fást í nokkrum stærðum.

VÖÐLUR ÁÐUR: 12.995

**6.995**

**Útivistarsokkar**
Þykkir og góðir sokkar í útivistina. Stærðir: 40-46.



43% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 695

**395**

**Krokketsett fyrir 4**
Frábært krokketsett fyrir 4. Með kylfum, boltum, staurum og bogahlífum. Skemmtilegur leikur fyrir alla fjölskylduna!



ALLT SETTIÐ

**1.995**

# 30% AFSLÁTTUR AF GARÐVÖRUM OG GRILLVÖRUM!





# AÐEINS ÓDÝRARI!

TILBOÐIN GILDA 15.07-17.07



TILVALIÐ Í ÚTILEGUNA!

BARNASTÆRÐ **1.495**

**Flísponcho með hettu**
Flott flísponcho með hettu.
Margir fallegir litir fáanlegir.
Barnastærðir: **1.495,-**
Fullorðinsstærðir: **1.995,-**



PÍLUSTPJALD **1.995**

**Píluspjald**
Gott píluspjald með 6 pílum.
Þykkt: 2,5 sm. Ø: 45 sm.



BARNA-FERÐARÚM **8.995**

**SAMSON barnaferðarúm**
Létt og handhægt barna-ferðarúm, kemur í góðri tösku.
Stærð: 60 x 120 sm.





TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET **36.990**

SPARIÐ 6.990

**Trampólín**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn.
Stærð: H70 sm. Ø: 305 sm. Trampólín **26.990,-**
Öryggisnet **16.990,-** Trampólín + öryggisnet **36.990,-**
Aukahlíf stærð: Ø 305 sm. **4.995,-** Stigi **3.495,-**



1 PAR **995**

**Plastklossar**
Flottir plastklossar með PHYLON sóla. Fást í nokkrum stærðum.
Litir: Svartir, bláir og fjólubláir.



1 STK. ÁÐUR: 499 **349**

30% AFSLÁTTUR

**Geitungagildra**
Fæst í fjórum fallegum litum.



# 30% AFSLÁTTUR AF BLÓMAPOTTUM!



REGNSLÁ VERÐ AÐEINS: **99**

**Regnslá**
Nett og góð regnslá.
Ein stærð.
Nokkrir litir.



ÚTILEGUSTÓLL **3.995**

**PISA LUX útilegustóll**
Lúxus útilegustóll með örmum, glasahaldara og auka bólstrun.
Hægt að leggja saman. Taska fylgir.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. steintegund, 6. bardagi, 8. ferð, 9. ögn, 11. gelt, 12. skrá, 14. gimsteinn, 16. býli, 17. umfram, 18. pappírsblað, 20. átt, 21. garmur.

**LÓÐRÉTT**
1. stagl, 3. frá, 4. ólöglegur, 5. knæpa, 7. duttlungar, 10. sæ, 13. herma, 15. geð, 16. ófarnaður, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kalk, 6. at, 8. för, 9. fis, 11. gá, 12. skjal, 14. tópas, 16. bú, 17. auk, 18. örk, 20. sa, 21. laki.
**LÓÐRÉTT:** 1. tafs, 3. af, 4. löglaus, 5. krá, 7. tiktúra, 10. sjó, 13. apa, 15. skap, 16. böl, 19. kk.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið




Þú færð Fréttablaðið á 37 stöðum á Norðurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Norðurlandi

N1, Staðarskáli, Hrútafirði
Reykjaskóli, Hrútafirði
Kaupfélagið, Hvammstanga
Verslun Viðigerði
N1, Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Samkaup Úrval, Blöndósi
Olís, Skagaströnd
Samkaup Úrval, Skagaströnd
N1, Sauðárkróki
Shell skáli, Sauðárkróki
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Varmahlíð
Samkaup Úrval, Siglufirði
N1, Akureyri
Bónus, Naustahverfi, Akureyri
Tíu ellefu, Akureyri
Olís, Akureyri
Brauðgerð KR. Jónssonar, Ak.
Bláa kannan, Akureyri
Nettó, Akureyri
Samkaup Strax, Byggðavegi
Samkaup Strax, Borgarbraut
Bónus, Akureyri
Olís, Dalvík
N1, Dalvík
Samkaup Úrval, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Samkaup Úrval, Ólafsfirði
N1, Húsavík
Olís, Húsavík
Shell skáli, Húsavík
Samkaup Úrval, Húsavík
Kaskó, Húsavík
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**




*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011


# Bjarta gullið

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Um daginn var ég með dóttur minni í göngutúr í miðbænum þegar við gengum fram á fallegan drykkjarfont. Hann var í laginu eins og grjóthnullungur og efst úr honum gusaðist smáspræna sem fór niður í skál í bergið og lak þaðan niður með steininum og niður á stétt sem drakk vatnið í sig. Það sem dóttir mín fékk sér sopa vakti hún óskipta athygli erlendra ferðalanga sem horfðu á barnið og vatnið og töluðu saman í lágum hljóðum og kinkuðu kolli.

**UM** háttatíma þetta sama kvöld gekk fjölskyldan til sinna venjulegu kvöldverka: börnin fóru í buslubað, tennur voru burstaðar við sírennsli úr kalda krananum í fimm mínútur, allir fóru á klósettið og sturtaði hver niður á eftir sér, húsbóndinn fór í langa sturtu þegar börnin voru sofnuð og húsmóðirin í freyðibað þar á eftir til að slaka aðeins á. Síðan var hent í þriðju þvottavél dagsins, uppþvottavélin sett í gang og allir gengu til náða.

**OKKUR** finnst vatnið okkar sjálfsagt. Hreint, heitt eða kalt hitar það húsin okkar, fyllir sundlaugarnar, býr til ódýra rafmagnið okkar, nærir okkur, styrkir og bætir, hreinsar og kætir. Og eins og aðrir auðlindafurstar sullum við auðlegðinni okkar kæruleysislega út í loftið til að sýna hvað við eigum mikið.

**ÞEGAR** ég var við nám í Englandi einhvern tíma laust fyrir aldamót var vatnið í krananum ódrekkandi og þurfti að kaupa allt drykkjarvatn í flösku. Heitt vatn varð að kaupa úr smápeningasjálfsala inni í skáp í íbúðinni. Það var skipulagt langt fram í tímann eins og annar munaður. Vatnskostnaður heimila á Vesturlöndum á eftir að hækka gífurlega á næstu árum og áratugum og því er spáð að næstu auðlindastríð verði ekki um olíu heldur vatn. Í þriðja heiminum er skortur á hreinu vatni eitt helsta heilsufarsvandamálið og skortur á vatni almennt eitt alvarlegasta vandamál sem við er að etja.

**ÞEGAR** fólk kvartar yfir bágum lífskjörum hér á landi og hvað er hægt að kaupa ódýrt í matinn einhvers staðar annars staðar gleymist oft að reikna með þeim lífsgæðum að fara í sund og sturtu, vera hlýtt innanhúss, sturta niður úr klósettinu, bursta tennurnar og drekka úr krananum. Vatn er ekki eins og bensín eða veðursæld. Það er lífsnauðsyn og ekkert kemur í staðinn. Og allir sem geta drukkið hreint vatn að vild eru ríkir.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR EINARSSON** körfuknattleiksmaður hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna, 34 ára að aldri. Gunnar er leikjahæsti leikmaður Keflavíkur frá upphafi en hann á rúmlega 800 leiki að baki og lyfti 21 titli með félaginu á árum sínum hjá því. Hann varð sex sinnum Íslandsmeistari með Keflavík.

# KR FÓR LÉTT MEÐ ZILINA

**Sigurganga KR heldur áfram. Slóvakíska liðið Zilina var kjöldregið af KR í gær. KR nýtti sér liðsmuninn í síðari hálfleik til hins ýtrasta og vann frækinn sigur.**

**FÓTBOLTI** Það var lítið framan af leik sem benti til þess að KR-ingar myndu vinna þægilegan 3-0 sigur á andstæðingum sínum frá Slóvakíu. Leikurinn var jafn en Slóvakarnir líklegri ef eitthvað var.

KR-ingar nýttu sitt eina færi um miðjan hálfleikinn þegar Bjarni Guðjónsson kom þeim yfir. Bjarni fékk boltann frá varnarmanni, lék inn í teiginn og hamraði knöttinn í netið. Markið kom á 25. mínútu leiksins og KR-ingar voru marki yfir í hálfleik.

KR-ingar fengu svo væna aðstoð frá Peter Sulek, miðjumanni Zilina, á 48. mínútu. Á gulu spjaldi togaði hann Viktor Bjarka niður á miðjum vellinum og var vikið af velli. Heimskuleg ákvörðun hjá Sulek en leikurinn hafði verið nokkuð prúðmannlega leikinn.

„Þeir missa mann útaf og við ákváðum að pressa þá næstu mínútur og það gekk fullkomlega. Fáum tvö mörk og svo héldum við því. Hefðum svo sem getað haldið uppi meiri pressu en menn voru orðnir þreyttir og sáttir. Þetta var orðið eins gott og það gat gerst,“ sagði uppgefinn Skúli Jón Friðgeirsson, miðvörður KR, í leikslok.

Fyrra mark KR-inga skoraði Viktor Bjarki á 51. mínútu af stuttu færi á markteig eftir fallega samvinnu Óskars Arnar og Guðmundar Reynis á vinstri kantinum. Ekki í fyrsta skipti í sumar sem þeir vinna vel saman. Síðara mark KR-inga kom úr vítaspyrnu þegar brotið var á hægri bakverðinum Magnúsi Má Lúðvíkssyni í vítateignum.

„Kerfið er reyndar þannig að ég á að bomba boltanum inn í. Þeir voru bara komnir í mig svo ég ákvað að taka þá á. Svo kemur varnarmaðurinn hratt á móti þannig að ég hleyp utan í hann og fæ víti,“ sagði Magnús Már. Kjartan Henry tók spyrnuna og skoraði af miklu öryggi.



**GRIMMIR** Baldur Sigurðsson og félagar í KR fóru á kostum á KR-velli í gær. Þeir unnu einn fræknasta sigur íslensks liðs í Evrópukeppni lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Manni fleiri og þremur mörkum yfir létu KR-ingar skynsemina ráða för. Fengu nokkur ágætis færi til þess að bæta við mörkum en lögðu mesta áherslu á að halda markinu hreinu.

„Við vorum orðnir þreyttir í lokin eins og þeir enda undir svakalegu álagi. Það var mikil orka sem fór í að halda markinu hreinu, vildum ekki fá mark í bakið. Þessi mörk skipta svo miklu máli,“ sagði Skúli Jón.

Mikil gleði braust út þegar flautað var til leiksloka og KR-ingar sungu með stuðningsmönnum. KR-ingar eru orðnir góðu vanir og óhætt að segja að KR-völlurinn sé orðinn mikið vígi, ekki síst í Evrópukeppnum. kolbeinntd@365.is



**Í BÚNINGI SPURS** West Ham verður fjórða Lundúnaliðið sem Eiður spilar með. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Eiður á leið til West Ham:

## Hefur lokið læknisskoðun

**FÓTBOLTI** **Enskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Eiður Smári Guðjohnsen hefði farið í læknisskoðun hjá West Ham. Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði ekkert frekar spurst af málum Eiðs.**

**Standist hann læknisskoðun mun hann væntanlega skrifa undir samning við West Ham í dag.**

**Hjá félaginu hittir hann fyrir stjórann Sam Allardyce en Eiður lék undir hans stjórn á sínum tíma hjá Bolton.**

**Ef af vistaskiptunum verður þá nær Eiður að spila með fjórum Lundúnafélögum. Hann hefur einnig leikið með Chelsea, Tottenham og Fulham.**

**Samningur Eiðs við Stoke var útrunninn og hann mun því fara frítt til West Ham.**

**Swansea var einnig á eftir Eiði og svo hafði heyrst af áhuga New York Red Bulls.**

**Eiður var næstum farinn til West Ham í janúar árið 2010 en hann ákvað á endanum að fara til Tottenham. Margir stuðningsmenn West Ham urðu í kjölfarið æfir af reiði út í Eið.**

- hbg



**HEITUR** Thomas Björn fór á kostum í gær. NORDIC PHOTOS7AFP

Opna breska meistaramótið:

## Áhugamaður og Björn leiða

**GOLF** Daninn Thomas Björn og enski áhugamaðurinn Tom Lewis leiða mjög óvænt eftir fyrsta daginn á opna breska meistaramótinu. Báðir léku þeir á 65 höggum eða fimm höggum undir pari.

Björn var ekki með þáttökurétt á mótinu en kom inn sem varamaður er Vijay Singh meiddist.

Björn á slæmar minningar frá Royal St. George-vellinum. Árið 2003 var hann með þriggja högga forskot þegar aðeins fjórar holur voru eftir. Þá lenti hann í sandinum á 16. holu og allt fór á versta veg. Hann þurrkaði þær minningar út í gær með því að ná fugli á 16. holunni.

„Auðvitað er maður að hugsa ýmislegt vegna þess sem gerðist fyrir átta árum. Ég var þakklátur fyrir að komast á mótið og ákvað að njóta mín. Ég get ekki kvartað yfir spilamennskunni sem var góð,“ sagði Björn en hann komst að því á mánudag að hann fengi að taka þátt í mótinu.

Miguel Angel Jimenez og Lucas Glover eru höggi á eftir Björn og Lewis. Luke Donald og Rory McIlroy léku báðir á einu höggi yfir pari.

- hbg

FH-ingar stóðu sig vel gegn portúgalska liðinu CD Nacional í Krikanum í gær:

## FH fer með von í farteskinu til Portúgals

**FÓTBOLTI** FH gerði jafntefli við C.D. Nacional í 2. umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA í fyrri leik liðanna á Kaplakrikavelli í gær, en sá síðari fer fram í Portúgal í næstu viku.

FH hóf leikinn af krafti og var mun betri aðilinn allan fyrri hálfleikinn, en heimamenn fengu nokkur dauðafæri til að komast yfir. Þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma í fyrri hálfleik náðu gestirnir aftur á móti að komast yfir með marki frá Edgar Costa, en hann fékk frábæra sendingu inn í vítateig frá Daniel Candeias og stýrði boltanum í netið. Skelfilegt fyrir FH að fá á sig mark á þessum tímapunkti, en það kom þvert gegn gangi leiksins.

FH-ingar gáfust ekki upp í síðari hálfleik og börðust allan leikinn eins og ljón. Dugnaðurinn skilaði árangri þegar Freyr Bjarnason skallaði boltann í netið og jafnaði metin á 67. mínútu. FH-ingar pressuðu stíft á lið Nacional undir lokin, en allt kom fyrir ekki og niðurstaðan því 1-1 jafntefli.

„Við spiluðum virkilega vel í þessum leik og fengum mörg fín færi,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir leikinn.

„Það má skrifa markið sem við fengum á okkur á einbeitingarleysi en menn gleymdu sér um stundarsakir og það kann ekki góðri lukku að stýra. Við vorum í raun klaufar að skora ekki fleiri mörk í kvöld en við fengum heldur betur færin til þess. Við hefðum auðvitað viljað sigur en jafntefli heldur okkur samt sem áður ennþá inni í keppninni.“

Freyr Bjarnason skoraði sitt annað mark í Evrópukeppni í gær, en hann var nokkuð bjartsýnn fyrir seinni viðureign liðanna.

„Við eigum alveg ágæta möguleika, verðum bara að halda markinu hreinu og pota inn einu marki,“ sagði Freyr Bjarnason, markaskorari FH, eftir leikinn í gær.

„Þetta var fínn leikur af okkar hálfu en við spiluðum góðan varnarleik og fengum nokkur ákjósanleg marktækifæri til þess að klára dæmið. Það var mjög svekkjandi að fá á sig þetta mark undir lok fyrri hálfleiks, en fram að því höfðum við spilað virkilega vel.“

- sáp



**SKREFI Á UNDAN** Hannes Sigurðsson og félagar í FH léku vel í gær en náðu ekki að knýja fram sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál




REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ATTACK THE BLOCK | KL. 8 - 10 | 16 |
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 5 - 10.15 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 3D | KL. 5.20 - 7 - 8 - 10 - 10.40 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 6 - 8 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| ATTACK THE BLOCK | KL. 10 | 16 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075










LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER - 3D | 2(950 kr), 5, 7.30 og 10(POWER) |
| ZOOKEEPER | 4, 6 og 8 |
| TRANSFORMERS - 3D | 10.10 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30 og 9 |
| KUNG FU PANDA 2 | 2(700 kr) - ISL TAL |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í 2D kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER LUXUS VIP | í 2D kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | VIP |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 3D kl. 6 - 9.10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 2D kl. 8 - 11:10 | 12 |
| SUPER 8 | Sýnd kl. 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | Sýnd kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 2 - 4 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 2 - 4 - 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 2D kl. 2.20 - 5.10 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER (3D) | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 3 | kl. 5:20 | L |
| TRANSFORMERS 3: DARK OF THE MOON | kl. 8 - 11:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER DIGITAL-3D | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| TRANSFORMERS | kl. 5:50 - 9 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 3D | kl. 2.20 -5.10 - 6.30 - 8 - 9.15 - 10.45 - 11:10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D | kl. 2.20 - 4.25 - 8 -10.30 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 8 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS | kl. 2.20 - 5.45 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D | kl. 2.20 - 4.25 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 3D kl. 3 - 6 - 9 | 12 |
| BEASTLY | kl. 10:20 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 3 - 5 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5.10 - 8 - 10.40 | 12 |
| MR POPPER'S PENGUINS | kl. 5.40 - 8 | L |
| SOMETHING BORROWED | kl. 10.20 | L |

tryggðu þér miða á SAMbio.is




**FJÖLMIÐLAFÓLK** Jóhannes Kr. Kristjánsson, Bogi Ágústsson, Sigrún Stefánsdóttir og Helgi Seljan mættu öll í kvikmyndahúsið.



**FLOTT** Sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Eiríkur Ingi Böðvarsson ræddu saman eftir sýninguna.

# Borðuðu pylsur á frumsýningu Andra á flandri

**Fyrsti þáttur sjónvarpsþáttarins Andri á flandri var frumsýndur í Bíó Paradís í gær. Fjöldi góðra gesta sótti frumsýninguna og gæddi sér á einni „tvíhleypu" að henni lokinni.**

Þættirnir hefja göngu sína á RÚV í kvöld og í þeim mun Andri Freyr Viðarsson ferðast um landið og heimsækja áhugaverða staði og fólk. Ferðafélagi Andra er bolabíturinn Tómas sem mun halda sjónvarpsmanninum félagsskap meðan á flakkinu stendur. **- sm**



**BEÐIÐ EFTIR „TVÍHLEYPU"** Gestir létu sig ekki muna um að bíða í röð eftir einni með öllu að frumsýningunni lokinni.



**GÓÐIR GESTIR** Ingimar Eydal og sjónvarpsstjarnan Nilli litu inn í Bíó Paradís.



**SAMAN Á FLANDRI** Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson ásamt ferðafélaga sínum, hundinum Tómasi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**GÓÐIR SAMAN** Grínistinn Steindi Jr. og Björn Bragi Arnarsson, fyrrverandi ritstjóri Mónitors, létu sig ekki vanta á frumsýninguna.

# Stjörnuband Jónasar í garðveislu

„Þetta verður algjör viðhafnarútgáfa af hljómsveitinni," segir Jónas Sigurðsson tónlistarmaður, en hann kemur fram á tónleikum í Hljómskálagarðinum í kvöld ásamt Ritvélum framtíðarinnar.

Tónleikarnir eru liður í Garðveislu FTT, Félags tónskálda og textahöfunda. Félagið fagnaði aldarfjórðungsafmæli sínu árið 2008 og hafa Mezzoforte, Megas, Senuþjófarnir, Magga Stína, Hörður Torfason og Hjálmar öll sett svip sinn á garðveislurnar upp frá því. „Við munum spila lög af þeim tveimur plötum sem ég hef gefið út. Það verður alveg glæsilegt svið og rosalega flott hljóðkerfi," segir Jónas.

Tólf manna sveit kemur fram með honum. Þar má nefna þau Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu, gítarleikarann Ómar Guðjónsson og Samúel Jón Samúelsson. „Það mætti kalla þetta „all-star" band," segir Jónas og hlær. Stjörnubandið hefur æft af kappi undanfarið, en fram undan er stíf dagskrá. „Við verðum á Bræðslunni um næstu helgi og á Innpúkanum þar á eftir. Við erum því bara að æfa á fullu," segir Jónas.

Auk Jónasar og Ritvélanna kemur dúettinn Song for Wendy fram í kvöld. Sveitin samanstendur af söngkonunni Dísu og danska tónlistarmanninum Mads Mouritz. Tónleikarnir hefjast kl. 21.15 og er aðgangur ókeypis. **- ka**



**Í STÍFUM ÆFINGUM** Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar spila í Hljómskálagarðinum í kvöld og hefjast tónleikarnir kl. 21.15.





BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS







Gildir á meðan birgðir endast.

Allar NERF-vörurnar fást í Hagkaup Smáralind, Kringlu,
Skeifu og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
395 KR. PK
BÚRFELLS HANGIKJÖTSÁLEGG 143g
295 KR. 250g
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g
259 KR. 4 stk.
KJALLARABOLLUR MEÐ OSTI
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
Tilboð
Smjörvi
205 KR. 300g
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA
25% AFSLÁTTUR
GOUDA
1049 KR.KG
GOUDAOSTUR 26%
195 KR. 4 stk
BÓNUS LANGLOKUR
259 KR. 770g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML
159 KR. 3 FERNUR
froosh fruit: bottled
pick me up.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
298 KR. 250ml
froosh-SMOOTHIE ÁVAXTA ORKUDRYKKUR
GÓÐIR GOSDRYKKIR Í BAUKUM 33 CL
69 KR. STK.
BÓNUS BRAUÐSALAT 195 KR.
TÚNFISKSALAT - LAXA OG RÆKJUSALAT - HANGIKJÖTSSALAT 200G
COKE LIGHT- ZERO
195 KR. 2 LTR
7 UP- EGILS MIX 2 LTR.
195 KR. 2 LTR
FJÓRAR COKE 1.5 LTR.
659 KR.
SAMTALS 6 LTR.
BITAFISKUR
frá Gullfiski
1398 KR. 200G
162 grömm af hágæða próteinum í einum bitapoka
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
DORITOS SNAKK 165G 195 KR.
MAARUD OSTAHRINGIR
195 KR. 120G
ÞRÍR FREYJU
STAURAR 198 KR.
ÞRÍR GÓU-KASSAR 3 X 200 GRÖMM 598 KR.
PRINCE POLO 20 STK.
998 KR.
KIT-KAT 5 STK. 279 KR.
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
1698 KR.KG
K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
VILLIJURTA-KRYDDAÐAR
LAMBA GRILL-SIRLOIN
1398 KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBA-
SIRLOIN-SNEIÐAR
GRÍSA-GRILL-KÓTILETTUR
995 KR.KG
BÓNUS FERSKAR GRILL-
GRÍSAKÓTILETTUR
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
BÓNUS PYLSUR 10 STK.
Bónus pyslur 10 stk. (u.þ.b 480g) ca 285 kr. pakkinn
599 KR.KG
PYLSUPAKKINN U.Þ.B
285 KR.
SS PYLSUR
10 STK. 560g
30 ÞÚS PAKKAR Í BOÐI
Á ÞESSU VERÐI
579 KR.PK
198 KR. 570 g
HEINZ TÓMATSÓSA 570g
98 KR. 100 g
STEIKTUR LAUKUR 100g
139 KR. 4 stk
EXTRA STÓR
HAMBORGRABRAUÐ
139 KR. 5 stk.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
359 KR. 300ml
FABRIKKUSÓSAN
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
100% HREINT
NAUTAKJÖT
10 x 100 GRÖMM
1398 KR.
4x175 GRÖMM
998 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

## > Johnny Depp

„Ef þú heyrir mig segja „Ég er alvarlegur leikari“ skaltu slá mig.“

***Johnny Depp leikur í kvikmyndinni Don Juan de Marco, sem fjallar um geðlækni sem beðinn er að taka að sér dreng úr verkamannahverfi í Queens, sem telur sig vera frægasta kvennabósa allra tíma, Don Juan. Myndin er sýnd á Stöð 2 kl. 21.55.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HLÆR AÐ FÓTBOLTAÞÆTTI

# Góður þessi Gunnar á Völlum

Ég hef bætt nýjum sjónvarpsþætti á vinsældalistann. Þátturinn er hvorki drama né gaman, nei góða fólk, það er fótboltaþáttur. Þeir sem þekkja mig vita að ég fylgist ekki með íþróttum, nema þeirri sem fjölskyldumeðlimur spilar og er það meira af skyldurækni en áhuga á íþróttinni sjálfri. (Áfram KR)

Það var því merkileg upplifun að horfa á þátt Gunnars Sigurðssonar um íslenska boltann og veltast um af hlátri. Smá ýkjur en ég hló oft upphátt og hafði mjög gaman af.

Í þættinum Gunnar á Völlum sem hægt er að sjá á vefsíðunni mbl.is, flakkar grínistinn Gunnar Sigurðsson milli leikja í íslensku deildinni og fjallar um fótboltann frá öðru sjónarhorni en aðrir miðlar.

Það eru engar rangstöðupælingar, faglegt dómaratuð eða vangaveltur um hjá hvaða leikmanni boltinn er best geymdur. Gunnar tekur hlutina ekki of alvarlega nema kannski þegar kaffið er kalt og pulsurnar búnar.

Það sem skilur þennan boltaþátt frá öllum hinum íþróttaþáttunum er að Gunnar tekur púlsinn á hinni hliðinni á þessum vinsælu fjölskyldusamkundum. Veitingasalan er tekin út og kaffið smakkað. Maturinn leikur stórt hlutverk og er Gunnar óhræddur við að smakka allt sem er í boði með tilheyrandi stunum.

Sætin í stúkunni eru mátuð, búningsklefarnir skoðaðir og svo talar Gunnar við sjálfboðaliðana og stuðningsmennina. Þetta skoðar Gunnar með skemmtilega skoplegum undirtón og gerir óspart grín að sjálfum sér í leiðinni. Ég get því hiklaust sagt að Gunnar á Völlum sé góð skemmtun.



### RÚV

**15.50 Leiðarljós** (e)
**16.35 Leiðarljós** (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Litlu snillingarnir** (3:12)
**18.22 Pálína** (23:28)
**18.30 Galdrakrakkar** (28:47)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Andri á flandri** (1:6) (Suðurland) Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson fór á flakk um Ísland í sumar ásamt bolabítnum Tómasi á forláta húsbíl, Litla kút að nafni. Saman keyrðu vinirnir krókaleiðir kringum landið í leit að því skrýtna og skemmtilega.
**20.15 Í mat hjá mömmu** (2:6) (Friday Night Dinner) Bresk gamanþáttaröð um tvo bræður sem fara alltaf í mat til foreldra sinna á föstudagskvöldum. Meðal leikenda eru Tamsin Greig, Simon Bird og Paul Ritter.
**20.45 Öfund** (Envy) Maður fyllist öfund í garð vinar síns eftir að sá efnast vel á nýstárlegri uppfinningu. Leikstjóri er Barry Levinson og meðal leikenda eru Ben Stiller, Jack Black, Rachel Weisz og Christopher Walken. Bandarísk gamanmynd frá 2004.
**22.25 Barnaby ræður gátuna – Glermunagerðin** (3:8) (Midsomer Murders) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og Jason Hughes.
**00.05 Leifturdans** (Flashdance) Alex vinnur sem nektardansmær á kvöldin. (e)
**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Doctor Dolittle**
**10.00 Duplicity**
**12.05 Búi og Símon**
**14.00 Doctor Dolittle**
**16.00 Duplicity**
**18.05 Búi og Símon**
**20.00 Seven Pounds**
**22.00 Seraphim Falls**
**00.00 Insomnia**
**02.00 The Love Guru**
**04.00 Seraphim Falls**
**06.00 Pretty Woman**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors** (70:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (10:17)
**11.50 Making Over America With Trinny & Susannah** (2:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (15:24)
**13.25 Marilyn Hotchkiss Ballroom Dancing and Charm School**
**15.20 Auddi og Sveppi**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (4:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Veður**
**19.03 Ísland í dag**
**19.15 The Simpsons** (8:23) Tuttugasta og fyrsta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu.
**19.40 So you think You Can Dance** (8:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 20 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram.
**21.10 So you think You Can Dance** (9:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að vinna þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
**21.55 Don Juan de Marco** Þegar geðlæknirinn Jack Luchsinger er við það að fara á eftirlaun biðja yfirvöld hann um að taka að sér mjög sérstætt mál. Sjúklingurinn er drengur úr verkamannahverfi í Queens sem telur sig vera frægasta kvennabósa allra tíma, Don Juan.
**23.30 Apocalypto** Mel Gibson skrifar og leikstýrir þessari frábæru mynd um ríki Maja á örlagatímum þegar líf manna var minna virði en hof og ríkidæmi.
**01.50 Iron Man**
**03.55 Marilyn Hotchkiss Ballroom Dancing and Charm School**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**16.50 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**18.00 Bolton - Stoke** Útsending frá leik Bolton og Stoke í undanúrslitum FA bikarkeppninnar.
**19.45 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**20.35 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**21.25 Man. City - Stoke** Útsending frá úrslitaleiknum í ensku bikarkeppninni. Það eru Manchester City og Stoke City sem mætast á Wembley.
**23.10 Dallas - Miami** Útsending frá fimmta leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**18.30 Maradona 2** Besti knattspyrnumaður fyrr og síðar, Diego Armando Maradona verður kynntur til sögunnar í kvöld og afrek hans sem knattspyrnumanns skoðuð.
**18.55 Argentína - Kostaríka** Útsending frá leik Argentínu og Kostaríka í Copa America 2011.
**20.40 Chile - Perú** Útsending frá leik Chile og Perú í Copa America 2011.
**22.25 Úrugvæ - Mexikó**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.15 Rachael Ray** (e)
**14.40 Rachael Ray** (e)
**15.25 Real Housewives of Orange County** (2:17) (e)
**16.10 Dynasty** (9:28) (e)
**16.55 My Generation** (3:13) (e)
**17.45 One Tree Hill** (11:22) (e)
**18.30 Psych** (13:16) (e)
**19.15 Survivor** (9:16) (e) Bandarískur raunveruleikaþáttur sem notið hefur mikilla vinsælda. Ættbálkarnir voru sameinaðir í síðasta þætti en það er ekki þar með sagt að samstaða ríki. Aðilar úr Zapatera eru óvissir um stöðu sína enda Ometepe-ættbálkurinn allsráðandi í hinum nýsameinaða Murlonio ættbálki.
**20.00 Last Comic Standing** (7:12) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.
**21.25 Ghostbusters** (e) Gamanmynd frá árinu 1984 með Bill Murray, Dan Aykroyd, Harold Ramis og Sigourney Weaver í aðalhlutverkum. Þrír skrýtnir vísindamenn eru reknir úr þægilegri stöðu sem þeir eru með í háskóla í New York. Þeir ákveða því að gera upp gamla slökkviliðsstöð og gerast draugabanar. Allt gengur vel en þegar þeir komast í kast við hlið í aðra vídd vandast málin og þurfa þeir að taka á öllu sem þeir eiga.
**23.10 Ghostbusters 2** (e)
**01.00 Shattered** (3:13) (e)
**01.50 Smash Cuts** (14:52)
**02.15 The Real L Word: Los Angeles** (8:9) (e)
**03.10 Whose Line is it Anyway?** (24:39) (e)
**03.35 Real Housewives of Orange County** (2:15) (e)
**04.15 Million Dollar Listing** (6:6) (e)
**05.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.30 Opna breska 2011 - upphitun** (1:1)
**08.00 Opna breska meistaramótið 2011** (2:4)
**19.00 Opna breska meistaramótið 2011** (2:4)
**01.00 Inside the PGA Tour** (28:42)
**01.25 ESPN America**

### STÖÐ 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** (149:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.10 The Amazing Race** (9:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir með það sameiginlegt að vilja sigra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 NCIS** (23:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.30 Fringe** (21:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.15 The Amazing Race** (9:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir með það sameiginlegt að vilja sigra.
**00.00 The Doctors** (149:175)
**00.40 Fréttir Stöðvar 2**
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Torfæra og spyrna.
**21.30 Eitt fjall á viku** Síðasti þáttur um ferðina á Arnarvatnsheiði.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.40**
**So You Think You Can Dance**

Úrslitaslagurinn heldur áfram og nú eru 20 bestu dansararnir eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til að eiga möguleika á að halda áfram.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki: Valtýr Guðmundsson **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Heilshugar **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Skrafað um meistara Þórberg **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu: Frá Brooklyn til Brussel **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Töfrateppið **20.00** Leynifélagið **20.30** Með spjót í höfðinu **21.28** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.30** Deal or No Deal **12.05** Deal or No Deal **12.35** Jane Eyre **13.30** Jonathan Creek **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.05** Fawlty Towers **16.35** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** Fawlty Towers **18.00** Live at the Apollo **18.45** Live at the Apollo **21.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.00** Live at the Apollo **22.45** Live at the Apollo **01.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **02.00** Live at the Apollo **02.45** Live at the Apollo **03.30** ,Allo ,Allo! **04.00** EastEnders

### DR 1

**11.15** Når man mangler fire moskusokser **11.45** Sommertid **12.15** Forandring på vej **12.45** Uventet Besøg **13.15** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Den travle by **14.40** Byggemand Bob **14.50** Mægtige maskiner **15.00** Miss Marple **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Quiz og Kærlighed **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret weekend **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Jumper **21.25** Welcome to the Jungle **23.00** Medicinmanden **04.00** Noddy

### NRK 1

**11.05** Familien og jeg **11.35** Harry - seks år og kokkelærling **12.05** Verdens varmeste strøk **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i naturen **15.15** Stjernesmell **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 70-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** På veg til Malung **18.00** Kameleon-stranda **18.55** 20 sporsmål **19.20** Carola synger Elvis og Barbra Streisand **20.05** Detektimen: Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **22.00** Canal Road

### svt1

**12.40** Nilecity 105,6 **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Undercover Boss **14.50** K-märkt form **14.55** Speedway-VM 2011 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.05** Regionala nyheter **16.10** Regionala nyheter **16.15** Resan till Taube **17.15** Radiohjälpen - Kronprinsessan Victorias fond **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **17.52** Regionala nyheter **18.00** Skyll inte på mig **18.30** Skyll inte på mig **19.00** Nilecity 105,6 **19.30** Blue Steel **21.10** Utflykt i det okända







**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ**
Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.

**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Borgfirðingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Flúðum á útihátíð Bylgjunnar.

Ævintýraeyjan · olís · BYLGJAN 989

**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| 3.-5. JÚNÍ | Grindavík |
| 10.-11. JÚNÍ | Selfoss |
| 17.-18. JÚNÍ | Hrafnseyri |
| 24.-25. JÚNÍ | Garður |
| 1.-2. JÚLÍ | Sauðárkrókur |
| 8.-9. JÚLÍ | Borgarnes |
| 15.-16. JÚLÍ | Flúðir |
| 22.-23. JÚLÍ | Fáskrúðsfjörður |
| 5.-6. ÁGÚST | Dalvík |
| 12.-13. ÁGÚST | Hveragerði |
| 20. ÁGÚST | Reykjavík |
| 26.-28. ÁGÚST | Skaftahlíð |

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Söngkonan sænska Veronica Maggio kemur mér í föstudagsgír. Hún er frábær tónlistarmaður.“*

Sandra Þórðardóttir, söngkona Þriggja radda.

# Tökulið Prometheus í leirbaði

„Það er frábært að fá þennan hóp hingað,“ segir Ingi Þór Jónsson, hótelstjóri á Hótel Náttúru í Hveragerði.

Tugir fólks úr tökuliði stórmyndar Ridleys Scott, Prometheus, gistir á hótelinu á meðan á tökum stendur hér á landi. „Sérstaða okkar nýtist þessu vinnusama fólki vel. Við þjónum þessum hópi sem vaknar snemma á morgnana og kemur seint á kvöldin. Margir nýta sér baðhúsið, nuddþjónustuna og leirböðin,“ segir Ingi Þór.

Hótelið er í húsakynnum heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands og er eingöngu starfandi yfir sumartímann. „Þótt fólkið þurfi að keyra svolítið langt á tökustað virðist það vera mjög ánægt með dvölina hjá okkur. Svo gerum við vel við fólkið líka í mat og drykk.“

Tökurnar á Prometheus hófust á mánudaginn við rætur Heklu, sem er í um eins og hálfs tíma akstursfjarlægð frá hótelinu. Charlize Theron fer með eitt af aðalhlutverkunum en að sögn Inga Þórs hafa hvorki hún né aðrir úr leikaraliðinu gist á Hótel Náttúru. Hann segist ekki vita hversu lengi tökuliðið verður á hótelinu. „Kvikmyndaiðnaðurinn er óútreiknanlegur. Við tökum bara þátt í þessu og högum seglum eftir vindi.“

- fb



**CHARLIZE THERON** Hefur ekki enn prófað leirbaðið á hótelinu.



**ÁNÆGÐUR HÓTELSTJÓRI** Stjanað er við tökulið kvikmyndarinnar Prometheus á Hótel Náttúru í Hveragerði þar sem Ingi Þór Jónsson er hótelstjóri.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Björk heldur tvenna tónleika í tengslum við Iceland Airwaves í ár en almenn miðasala á tónleikana hófst í hádeginu í gær. Það kemur líklega fáum á óvart að miðarnir ruku út og seldist upp á báða tónleikana á nokkrum mínútum í gær. Vikuna áður hafði verið sérstök forsala fyrir miðahafa Iceland Airwaves en síðustu miðarnir seldust á örfáum mínútum í gær. Tónleikarnir fara fram 12. og 16. október og þeir sem ekki náðu að næla sér í miða geta enn tryggt sér einn, því miðar verða seldir við dyrnar á sjálfum tónleikunum.



**ÚR STÚDÍÓINU Í ELDHÚSINU** Guðný beið pollróleg í stofunni í Syðri-Knarrartungu á meðan Siv Friðleifsdóttir útskýrði frumvarp sitt varðandi takmörkun á sölu tóbaks fyrir milljónum áhorfenda á Al Jazeera.

**GUÐNÝ HEIÐBJÖRT JAKOBSDÓTTIR:** HÉR Í SVEITINNI HJÁLPAST ALLIR AÐ

# Eldhúsinu breytt í sjónvarpsstúdíó fyrir Al Jazeera

„Hér í sveitinni hjálpast allir að. Hvort sem um er að ræða sauðburð eða sjónvarpsútsendingar,“ segir Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir, bóndi í Syðri-Knarrartungu í Snæfellsbæ.

Hún lenti í þeirri merkilegu lífreynslu á dögunum að eldhúsi hennar var breytt í sjónvarpsstúdíó fyrir alþjóðlegu fréttastofuna Al Jazeera. Ástæðan var viðtal fréttastofunnar við þingkonuna Siv Friðleifsdóttur en hún er stödd í sveitinni í fríi. „Systir Sivjar á heima hérna á næsta bæ og hafði samband við okkur því hún vissi að við værum nýkomin með samskiptaforritið Skype í tölvuna.“

Þingályktunartillaga Sivjar um 10 ára áætlun í tóbaksvarnarmálum, þar sem meðal annars er að finna takmörkun sölu tóbaks við apótek, vekur mikla athygli í útlöndum og segist Siv ekki hafa undan að svara símtölum frá erlendum fjölmiðlum. Fréttin var til að mynda sú næstvinsælasta á vef dagblaðsins Guardian fyrr í vikunni.

„Ég var stödd í gönguferð um Búðahraun þegar Al Jazeera hafði samband og vildu fá mig í beint viðtal við sig samdægurs. Þeir spurðu hvort ég gæti ekki fengið aðgang að einhverju stúdíói og ég leit í kringum mig á hrauninu og hugsaði að það gæti orðið erfitt,“ segir Siv en bætir við að eldhúsið hjá Guðnýju hafi reynst hið besta stúdíó.

„Við vorum ekki lengi að koma tölvunni fyrir í góðri birtu. Svo sat ég bara inni í stofu og hafði hljótt um mig á meðan Siv var í viðtalinu,“ segir Guðný.

Al Jazeera er ein af stærstu fréttastofunum í heiminum með áhorfendahóp í kringum 50 milljónir. „Það er sérstakt að hafa Al Jazeera á tengiliðalistanum á Skype. Hver veit hvenær við þurfum að nota þau sambönd aftur,“ segir Guðný.

alfrun@frettabladid.is

# Samdi við breskan barnabókarisa

„Lokasýningin mín frá Anglia Ruskin-háskólanum var í febrúar og eftir hana var mér boðinn samningur,“ segir Birgitta Sif, sem hefur landað stórum bókasamningi við Walker Books, einn stærsta sjálfstæða barnabókaútgefanda í heimi.

Birgitta Sif ólst að mestu upp erlendis, í Danmörku, Svíþjóð og Bandaríkjunum, en dvaldi á Íslandi á sumrin. Hún kláraði framhaldsskólanám í Bandaríkjunum og útskrifaðist með BA-gráðu í teikningu og hönnun frá Cornell háskóla í New York. „Eftir námið fór ég að vinna við uppsetningu á blöðum og tímaritum í New York. Mér fór svo að lítast vel á að hanna barnabækur og byrjaði að spreyta mig sjálf,“ segir Birgitta, sem ákvað að sækja námskeið í barnabókateikningu við Anglia Ruskin-háskólann í Cambridge.

Þegar námskeiðinu lauk héldu útskriftarnemendur lokasýningu á verkum sínum. Þar sýndi Birgitta meðal annars teikningar sínar af sögunni Oliver, sem heillaði starfsmenn Walker Books. „Bókin fjallar um Oliver, lítinn strák sem finnst hann vera öðruvísi. Hann lendir svo í ýmsum ævintýrum,“ segir hún. Þetta verður fyrsta bók Birgittu hjá Walker Books og er áætlað að hún komi út á næsta ári, en Birgitta gerði samning um útgáfu tveggja bóka hjá stórfyrirtækinu. Hægt er að skoða teikningar hennar á vefsíðunni www.birgittasif.com.

- ka



**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI** Birgitta Sif hefur samið við barnabókarisann Walker Books um útgáfu á sögu sinni, Oliver.







# SAGA ÞJÓÐAR FRÁ ÖÐRU SJÓNARHORNI

## *Alltaf er* FARMALL *fremstur*

**SÖGUR UM FARMAL-DRÁTTARVÉLAR OG FLEIRI TÆKI FRÁ INTERNATIONAL HARVESTER OG HLUT ÞEIRRA Í FRAMVINDU LANDBÚNAÐAR OG ÞJÓÐLÍFS Á ÍSLANDI**

---

**NÝ OG GLÆSILEG BÓK EFTIR BJARNA GUÐMUNDSSON Á HVANNEYRI,**
höfund bókarinnar ***...og svo kom Ferguson***, kemur út þann16. júlí á Farmal-fagnaði á Hvanneyri
**HAGSTÆTT ÚTGÁFUTILBOÐ Á www.uppheimar.is**










UPPHEIMAR

Landbúnaðarsafn Íslands efnir til Farmal-fagnaðar á Hvanneyri laugardaginn 16. júlí nk. Tilefnið er að heiðra Farmalinn og nánustu ættingja hans, Nallana, af ýmsum gerðum. Farmalarnir mynduðu fyrstu bylgju heimilisdráttarvéla hérlendis – á árunum 1945-1950 og teljast því tímamótavélar í sveitum landsins. Allir velkomnir.

# ÓVENJULEG OG HEILLANDI BÓK

## MAGNAÐAR LJÓSMYNDIR OG LJÓÐ MYNDA STERKA OG HRÍFANDI HEILD












## HÚS ERU ALDREI EIN BLACK SKY

NÖKKVI ELÍASSON AÐALSTEINN ÁSBERG SIGURÐSSON

**FYRIR LJÓÐELSKA UNNENDUR LJÓSMYNDUNAR OG SÖGU ER ÞESSI BÓK FAGNAÐAREFNI. TÚLKUN HÖFUNDA Á FEGURÐ ÍSLENSKRA EYÐIBÝLA ER EINSTÆÐ. ALLUR TEXTI BÓKARINNAR ER BÆÐI Á ÍSLENSKU OG ENSKU – HÚN ER ÞVÍ TILVALIN GJÖF TIL VINA OG SAMSTARFSMANNA ERLENDIS.**

Ljósmyndir Nökkva Elíassonar og ljóð Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar mynda sterka og hrífandi heild í þessari glæsilegu bók.

Viðfangsefnið – eyðibýli víðs vegar um Ísland – býr yfir miskunnarlausri fegurð hnignunar sem þeir fanga í myndir og orð með einstökum hætti. Bergmál horfinna tíma og þess lífs sem var á tvímælalaust erindi við nýja öld. Tregablandin ljóðin kallast á við áhrifamiklar myndir sem vakið hafa verðskuldaða athygli víða um heim, líkt og ljóðin sem þýdd hafa verið á fjölda tungumála.

---

UPPHEIMAR

Uppheimar Publishing | Tel.: +354 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | **www.uppheimar.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Thomsen í dómnefnd

Einn þekktasti leikari Dana, **Ulrich Thomsen**, verður hluti af hinni alþjóðlegu dómnefnd RIFF-kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík sem velur bestu myndina í flokknum Vitranir. Thomsen sló í gegn í myndinni Festen. Hann hefur einnig leikið í Blinkende Lygter, Brødre og Hollywood-myndunum Kingdom of Heaven, The International og The World Is Not Enough. Thomsen hlakkar mikið til að koma til Íslands og taka þátt í RIFF-hátíðinni, sem stendur yfir dagana 22. september til 2. október.



### Cut Copy-liðar æsispenntir

Þótt ferðaþjónustan hafi óttast að hlaupið í Múlakvísl og meintur seinagangur við lagfæringu hringvegarins mundi fæla fólk frá landinu þá er ljóst að það á ekki við um áströlsku rafhljómsveitina **Cut Copy**, sem heldur tónleika á Nasa á miðvikudag. Spennan í herbúðum sveitarinnar er orðin slík að hún hefur nú ákveðið að fjölga í fylgdarliði sínu og lengja ferðina um einn dag. Hingað mætir hún á þriðjudagsmorgun, beint af tónlistarhátíð Pitchfork-vefritsins, þar sem hún er aðalnúmerið, og verður fram á fimmtudag. Liðsmennirnir fjórir slógu af kröfum sínum til að þetta gæti gerst, munu dvelja á gistiheimili í miðbænum í stað lúxushótels, og taka með sér alla sex starfsmenn sína, þótt lítill tónleikastaður eins og Nasa (á þeirra mælikvarða) krefjist ekki nema tveggja til þriggja.

**- fb, sh**



## Mest lesið vísir

1. Sævar Ciesielski er látinn
2. Svikahrappur kynntist fórnarlambi í árekstri
3. Páll Baldvin tjáir sig ekki
4. Eldgos gæti hafa brotist upp við Hamarinn
5. Dómurinn stendur
6. Akranes íhugar málssókn gegn Fréttatímanum





